

## Skýrsla félagsmálaráðuneytisins

um 48. og 49. Alþjóðavinnumálaþingið í Genf 1964 og 1965.

Þing Alþjóðavinnumálastofnunarinnar kemur saman í Genf í fyrri hluta júní-mánaðar ár hvert. Stendur það að jafnaði yfir um þriggja vikna skeið eða rúmlega það. Ætlazt er til þess að hvert aðildarríki sendi a. m. k. fjóra fulltrúa til þings, en auk þess er þeim heimilt að senda tiltekinn fjölda aðstoðarmanna og sérfræðinga. Þá sækja og þingið fulltrúar ýmissa annarra alþjóðastofnana. Þingið 1965 sátu sendinefndir frá 104 af 114 aðildarríkjum stofnunarinnar. Fjöldi þátttakenda í Alþjóðavinnumálaþingum hin síðustu ár hefur verið um 1100-1200 manns. Á hvorugu þessara þinga átti Ísland fulltrúa.

Á dagskrá Alþjóðavinnumálaþingsins eru jafnan þrjú fastir dagskrárliðir, en þeir eru þessir:

1. Skýrsla framkvæmdastjórans.
2. Fjárhagsmálefni.
3. Skýrslur um framkvæmd samþykka og tillagna þingsins.  
Auk þess voru á dagskrá þessara tveggja þinga eftirtalin mál:
4. Heilbrigðisráðstafanir í verzlunum og skrifstofum (síðari umræða 1964).
5. Bætur vegna slysa við vinnu og atvinnusjúkdóma (síðari umræða 1964).
6. Staða vinnandi kvenna (1964 og 1965).
7. Vinna ungmenna í námum (1964 og 1965).
8. Stefna í atvinnumálum, einkum með tilliti til þróunarlandanna (1964).
9. Breyting á 35. grein stofnskrár Alþjóðavinnumálastofnunarinnar.
10. Yfirlýsing um aðskilnaðarstefnu stjórnar Suður-Afríku (1964).
11. Viðbótarákvæði í stofnskrá Alþjóðavinnumálastofnunarinnar um heimild handa þinginu til þess að útiloka frá aðild þau ríki, sem útilokuð hafa verið frá aðild að Sameinuðu þjóðunum (1964).
12. Viðbótarákvæði í stofnskrá Alþjóðavinnumálastofnunarinnar um heimild fyrir þingið til þess að útiloka frá þátttöku í því, hvert það aðildarríki, sem Sameinuðu þjóðirnar hafa fundið sekt um kynþáttamisrétti eins og aðskilnaðarstefnu í lög-gjöf sinni (1964).
13. Umbætur í landbúnaði, sérstaklega með tilliti til atvinnu- og félagsmála (1965).
14. Þáttur samvinnufélaga í framförum þróunarlanda á sviði efnahags- og félagsmála (fyrri umræða 1965).

### 1. Skýrsla framkvæmdastjóra.

Eins og frá var skýrt í skýrslu um Alþjóðavinnumálaþingið 1963 urðu á því þingi allmikil átök út af þingsetu fulltrúa Suður-Afríku. Af þeim sökum varð ekki lokið umræðum um skýrslu framkvæmdastjórans. Skýrslur hans, sem lagðar voru fyrir þingið 1964 og 1965 fjölluðu að mestu um sama efni og skýrslan 1963, þ. e. um skipulag og framtíðarverkefni Alþjóðavinnumálastofnunarinnar og hvernig hún bezt geti uppfyllt þær kröfur, sem til hennar verða gerðar á komandi tímum. Gerði framkvæmdastjórinn grein fyrir þeim framförum og breytingum, sem orðið höfðu á þessum síðustu árum.

Alls tóku 213 ræðumenn til máls um þenna dagskrárlið á þinginu 1964 en um 200 á þinginu 1965. Það er jafnan svo að margir fulltrúar ræða að litlu leyti efni sjálfrar skýrslunnar, heldur ræða að mestu um ástandið almennt í sínum heimalöndum. Margir ræðumanna halda sig þó við það efni, sem skýrslan ræðir beinlínis um.

## 2. Fjárhagsmálefni.

Framkvæmdastjóri Alþjóðavinnuálagstofnunarinnar leggur fyrir hvert reglulegt þing tillögur um tekjur og gjöld stofnunarinnar næsta ár, en áður hafa þessar tillögur verið ræddar og afgreiddar af stjórn stofnunarinnar. Á þinginu fjallar svo um þetta mál nefnd skipuð einum ríkisstjórnarfulltrúa frá hverju ríki. Í fjárhagsáætlun þeirri, sem samþykkt var fyrir árið 1965, voru útgjöld stofnunarinnar áætluð tæplega 19 milljónir dollara en fyrir árið 1966 rúmlega 20 milljónir dollara.

Árgjald Íslands til stofnunarinnar árið 1965 var 22 421 dollarar en 24 405 dollarar árið 1966.

## 3. Skýrslur um framkvæmd samþykktá.

Hverju aðildarríki Alþjóðavinnuálagstofnunarinnar ber, þegar þess er krafist, að gefa skýrslu um framkvæmd ákvæða þeirra samþykktá, sem það hefur fullgilt. Þegar þingið 1965 var, haldið voru samþykktir Alþjóðavinnuálagingsins orðnar samtals 122 og höfðu þær hlotið alls rúmlega 2900 fullgildingar.

Sérstök nefnd sérfræðinga rannsakar þessar skýrslur aðildarríkanna og gefur þinginu skýrslu um athuganir sínar. Á þinginu fjallar svo sérstök nefnd um þetta mál og gerir sínar athugasemdir. Ef skýrslum einhverra ríkja þykir ábótavant eða þau eru ekki talin hafa fullnægt skyldum sínum, eru fulltrúar þeirra ríkja boðaðir á fund nefndarinnar til þess að gera grein fyrir sínu máli.

## 4. Heilbrigðisráðstafanir í verzlunum og skrifstofum.

Fyrri umræða um þetta mál fór fram á þinginu 1963 og var þá gengið frá drögum að samþykkt og tillögu um það, sem svo voru endanlega afgreiddar á þinginu 1964.

Er samþykktin prentuð hér með sem fylgiskjal I. og tillagan sem fylgiskjal VI.

Ákvæði samþykktar þeirrar, sem hér um ræðir, taka til hvers konar verzlunar- og skrifstofustarfa. Tilteknar undanþágur má þó veita í samráði við samtök vinnuveitenda og starfsfólks, sem hlut eiga að máli. Samráð skal einnig hafa við slík samtök um setningu laga og reglugerða, sem veita ákvæðum samþykktarinnar gildi. Þá er og gert ráð fyrir viðeigandi eftirliti og viðurlögum við brotum á ákvæðum slíkra laga og reglugerða.

Í samþykktinni eru gerðar ákveðnar kröfur um aðbúnað starfsfólks á þeim vinnustöðum, sem hún tekur til, svo sem um hreinlæti, lýsingu, upphitun, loft-ræstingu, fatageymslur, sæti o. fl. Enn fremur eru ákvæði um varnir gegn hættulegum eða ógeðfelldum efnum og vinnsluáðferðum, svo og ráðstafanir til þess að draga úr hávaða og fleiri óþægindum, sem geta haft skaðleg áhrif á starfsfólkið. Einnig hefur samþykktin að geyma ákvæði um aðstöðu til að veita hjúkrun eða hjálp í viðlögum.

Nokkuð mun á skorta að íslensk lög og heilbrigðissamþykktir fullnægi kröfum samþykktarinnar og er því ekki hægt að fullgilda hana að óbreyttum aðstæðum.

Tillagan, sem samþykkt var, fjallar um sama efni og samþykktin, en er miklu ýtarlegri og gerir meiri kröfur, sem þingið telur æskilegt að aðildarríkin leitist við að uppfylla.

## 5. Bætur vegna slysa við vinnu og atvinnusjúkdóma.

Mál þetta var til síðari umræðu á þinginu 1964 og voru þar lögð fram drög að samþykkt og tillögu um málið, sem samin höfðu verið með tilliti til afgreiðslu málsins á þinginu 1963 og svörum ríkissjórnna við spurningum, sem beint hafði verið til þeirra. Voru bæði samþykktin og tillagan samþykkt endanlega með nokkrum breytingum. Við endanlega atkvæðagreiðslu um samþykktina greiddu 239 fulltrúar atkvæði með henni, 6 á móli, en 65 sátu hjá. Niðurstöðutölur atkvæðagreiðslunnar um tillöguna voru sem sagt hinar sömu.

Í samþykkt þessari og tillögu felast viðtækar reglur um bætur vegna atvinnusjúkdóma og slysa við vinnu. Ekki hefur verið gerður ýtarlegur samburður á ákvæðum samþykktarinnar og íslenskum lagaákvæðum um sama efni, en ljóst er að nokkurra breytinga mun þörf til þess að ákvæðum samþykktarinnar verði fullnægt hér á landi.

Samþykktin er prentuð hér með sem fylgiskjal II. en þar er sleppt töflum, sem henni fylgja. Tillagan er prentuð hér sem fylgiskjal VII.

## 6. Staða vinnandi kvenna.

Mál þetta var til umræðu á þingunum 1964 og 1965 og var afgreitt í formi tillögu með samhljóða atkvæðum.

Í tillögu þessari er hvatt til þess að hið opinbera geri ráðstafanir til þess að auðvelda konum að vinna utan heimilis og skal í þessu efni hafa samvinnu við stofnanir og félög, sem hlut eiga að máli. Lagt er til að fram fari rannsókn á öllum þeim atriðum, er þetta mál varða og gerðar verði ýmsar ráðstafanir til þess að konur, sem þess óska, gefi unnið utan heimilis og jafnframt sinnt skyldum sínum við börn sín og heimili.

Tillaga þessi er prentuð hér með sem fylgiskjal IX.

## 7. Vinna ungmenna í námum.

Þetta mál var til fyrri umræðu á þinginu 1964 og síðari umræðu 1965. Einkum var fjallað um lágmarksaldur við vinnu í námum, lækniseftirlit með ungmennum í námum og aðbúnað þeirra við vinnu. Gerðar voru tvær samþykktir og tvær tillögur um þessi mál. Um lágmarksaldur var gerð bæði samþykkt (fskj. IV.) og tillaga (fskj. X.). Þá var og gerð samþykkt um læknisskoðun ungmenna í námuvinnu (fskj. V.) og tillaga um vinnuskilyrði (fskj. XI.).

## 8. Stefna í atvinnumálum.

Þetta mál var tekið fyrir á þinginu 1964 til fullnaðarafgreiðslu, en áður hafði það verið rætt á sérstökum fundi sérfræðinga. Gerð var bæði samþykkt og tillaga um málið og fjalla þær um reglur, sem beita beri við ákvörðun um stefnu í atvinnumálum, einkum í þróunarlöndunum. Miða þessi ákvæði að því, að koma í veg fyrir atvinnuleysi og tryggja mönnum í sem ríkustum mæli frjálst val á starfi. Samþykktin er prentuð hér með sem fylgiskjal III. og tillagan sem fylgiskjal VIII.

## 9. Breyting á 35. grein stofnskrár Alþjóðavinnumálastofnunarinnar.

35. grein stofnskrárinnar fjallar um skyldur ríkja til þess að láta ákvæði samþykkt, sem þau hafa fullgilt, taka til ósjálfstæðra landa, sem eru undir yfirstjórn þeirra.

Á þinginu 1964 var samþykkt að bæta við þessa grein nýrri málsgrein, sem miðar að því að samþykktir þingsins nái til sem flestra þjóða, sem ekki fara sjálfar með mál sín á sviði alþjóðasamskipta. Ef efni samþykktar er innan sjálfstjórnarsviðs hlutaðeigandi landsvæðis, er því aðildarríki, sem fer með mál þess á alþjóðavettvangi, skylt að tilkynna stjórn landsvæðisins efni samþykktarinnar, svo að hún geti sett lög og gert aðrar ráðstafanir, sem nauðsynlegar eru til þess að fullnægja ákvæðum samþykktarinnar. Að fengnu samþykki stjórnar landsvæðisins skal hlutaðeigandi ríkisstjórn senda Alþjóðavinnumálastofnuninni yfirlýsingu um að hún staðfesti samþykktina fyrir hönd umrædds landsvæðis.

Ef landsvæði er undir sameiginlegri stjórn tveggja eða fleiri aðildarríkja, geta þau í sameiningu gefið yfirlýsingu um að tiltekin samþykkt skuli taka til þess landsvæðis. Sanskonar yfirlýsingu getur fjölþjóðlegt stjórnvald gefið að því er tekur til landsvæðis, sem falin hefur verið umsjá þess.

## 10. Aðskilnaðarstefna stjórnar Suður-Afríku.

Stjórn Alþjóðavinnumálastofnunarinnar hafði í nóvembermánuði 1963 skipað nefnd til þess að kanna það, á hvern hátt stofnunin gæti unnið að því að útrýma aðskilnaðarstefnu Suður-Afríkustjórnar og gera tillögur um aðgerðir til að tryggja það, að ákvæði stofnskrár Alþjóðavinnumálastofnunarinnar séu virt. Þessi nefnd gaf stjórninni skýrslu í marzmánuði 1964, en stjórnin samþykkti einróma að leggja fyrir þingið uppkast að ályktun um þetta mál. Ályktun þessi var samþykkt á þinginu. Felur hún í sér alvarlegar vítur á stjórn Suður-Afríku vegna stefnu hennar í kynþáttamálum, sem þingið telur ósamrýmanlega hugsjónum og stefnu Alþjóðavinnumálastofnunarinnar og hafa í för með sér alvarlega hættu fyrir frið og öryggi.

## 11. og 12. Viðbótarákvæði í stofnskrá Alþjóðavinnumálastofnunarinnar.

Viðbótarákvæði þau, sem hér um ræðir, voru upphaflega samín af nefnd þeirri, sem sett var á laggirnar til þess að kanna hvað unnt væri að gera til útrýmingar aðskilnaðarstefnu Suður-Afríku og voru þessar breytingar á stofnskránni samþykktar á þinginu.

Fyrri viðbótin felur í sér ákvæði um það, að allsherjarþingið geti með  $\frac{2}{3}$  atkvæða, þ. á m. atkvæðum  $\frac{2}{3}$  hluta ríkisstjórnarfulltrúanna svipt ríki aðild að Alþjóðavinnumálastofnuninni ef því hefur verið vikið úr Sameinuðu þjóðunum. Einnig er með sama hætti heimili að sviptla ríki aðild um stundarsakir ef það hefur verið svipt aðild að Sameinuðu þjóðunum um stundarsakir.

Síðari breytingin felur það í sér að þingið getur með sömu skilyrðum og að framan getur útilokað aðildarríki frá þátttöku í Alþjóðavinnumálaþinginu, ef Sameinuðu þjóðirnar telja að það hafi orðið bert að því að fylgja opinberlega stefnu kynþáttamisréttis svo sem aðskilnaðarstefnu (apartheid). Gildir þessi ákvörðun þar til þingið með hinu tilskylda atkvæðamagni samþykkir að hlutaðeigandi ríki hafi breytt stefnu sinni.

### 13. Umbætur í landbúnaði.

Mál þetta var tekið til umræðu á þinginu 1965, en áður hafði tæknileg ráðgefandi nefnd fjallað um það, einkum með tilliti til þess að kanna hverjir þættir þess heyrðu undir Alþjóðavinnuálagstofnunina.

Umbætur í landbúnaði eru mjöld aðkallandi í þróunarlöndunum, og þar sem málið er margþætt snertir það verksvið ýmissa alþjóðastofnana, en leiðast hefur verið við að samræma aðgerðir þeirra í hinum ýmsu málum. Þeir þættir þessa máls, sem Alþjóðavinnuálagstofnunina varða eru félagsmál og vinnumál.

Til grundvallar umræðum um málið var skýrsla hinnar ráðgefandi nefndar. Af hálfu fulltrúa verkamanna var lagt til að gera um málið formlega tillögu, sem ganga mætti endanlega frá á þinginu 1967, en niðurstaðan varð sú, að aðeins var gerð um það ályktun. Í ályktun þessari er því beint til stjórnar stofnunarinnar að á þinginu 1967 og síðari þingum verði umbætur í landbúnaði á dagskrá eða þeir þættir málsins, sem varða Alþjóðavinnuálagstofnunina, með það fyrir augum að sett verði alþjóðleg ákvæði í samvinnu við aðrar alþjóðastofnanir svo sem Sam-einuðu þjóðirnar og Matvæla- og landbúnaðarstofnunina (FAO). Er þessum ákvæðum ætlað að miða að bætium kjörum landbúnaðarverkafólks, leiguliða o. fl. og stuðla að félagslegu réttlæti fyrir þá, sem að landbúnaði vinna.

### 14. Þáttur samvinnufélaga í framförum þróunarlanda á sviði efnahags- og félagsmála.

Á þinginu 1965 fór fram fyrri umræða um þetta mál og var lögð fram ítarleg skýrsla, byggð á svörum ríkisstjórnna við spurningum sem beint hafði verið til þeirra. Því var almennt fagnað að þetta mál var nú tekið til meðferðar, en það varðar miklu fyrir margar þjóðir einkum hin ungu ríki, sem fengið hafa sjálfstæði á undanförunum árum, en samvinnuhreyfingin hefur miklu hlutverki að gegna í þróun þeirra.

Gengið var frá uppkasti að tillögu um þetta mál sem svo skyldi koma til endanlegrar afgreiðslu á þinginu 1966.

Tillaga þessi skiptist í fjóra kafla. Í fyrsta kaflanum er því slegið föstu að hún skuli taka til allra tegunda samvinnufélaga og eru þar taldar hinar helztu þeirra. Annar kaflinn fjallar um stefnu þá, sem hið opinbera ætti að fylgja gagnvart samvinnufélögum í þróunarlöndunum. Þar eru ríkisstjórnin hvattar til að styðja og styrkja slíka félagastarfsemi en samvinnufélögin skuli aftur á móti starfa í samræmi við stefnu stjórnarvaldanna í efnahagsmálum. Í þriðja kaflanum er svo rætt um það, með hverjum hætti ríkisstjórnir geti stuðlað að þróun samvinnuhreyfingarinnar. Að síðustu er svo í fjórða kaflanum rætt um alþjóðlega aðstoð og samvinnu til eflingar samvinnuhreyfingunni í þróunarlöndunum.

#### Fylgiskjal I.

#### **Samþykkt (nr. 120) um heilbrigðisráðstafanir í verzlunum og skrifstofum.**

Allsherjarþing Alþjóðavinnuálagstofnunarinnar, saman komið til 48. þingsetu sinnar í Genf hinn 17. dag júnímánaðar 1964, samkvæmt kvaðningu stjórnar Alþjóðavinnuálagskrifstofunnar, hefur samþykkt ákveðnar tillögur varðandi heilbrigðisráðstafanir í verzlunum og skrifstofum, en tillögur þessar voru 4. mál á dagskrá þingsins, og þar eð þingið hefur ákveðið að tillögur þessar skuli gerðar í

formi alþjóðasamþykktar, gerir þingið í dag, hinn 8. júlí 1964, eftirfarandi samþykkt, sem nefnist Samþykkt um heilbrigðisráðstafanir í verzlunum og skrifstofum 1964:

## I. KAFLI

### Skuldbindingar aðila.

#### 1. gr.

Samþykkt þessi tekur til —

- a. verzlunarfyrirtækja;
- b. fyrirtækja, stofnana og þjónustureksturs, þar sem starfsmenn stunda aðallega skrifstofustörf;
- c. sérhverra deilda annarra fyrirtækja, stofnana eða þjónustureksturs, þar sem starfsmenn stunda aðallega verzlunar- eða skrifstofustörf, að svo miklu leyti sem þau ekki eru háð ákvæðum landslaga eða reglugerða eða annarra fyrirmæla varðandi heilbrigðisráðstafanir í iðnaði, námarekstri, landbúnaði eða í sambandi við flutninga.

#### 2. gr.

Hlutaðeigandi stjórnvöld geta, í samráði við þau samtök vinnuveitenda og vinnuþega, sem hluta eiga að máli, og þar sem þau eru starfandi, veitt tilteknum flokkum þeirra fyrirtækja, stofnana og þjónustureksturs, eða deildum þeirra, sem nefnd eru í 1. gr., undanþágu frá einhverjum eða öllum ákvæðum þessarar samþykktar, þegar vinnu- og starfsskilyrði eru slík og þannig búið að starfsfólki, að óþarft sé að beita einstökum eða öllum fyrr greindum ákvæðum.

#### 3. gr.

Hvenær sem vafi getur leikið á um það hvort fyrirtæki, stofnun eða þjónusturekstur er þess eðlis að ákvæði þessarar samþykktar taki til hans, skal úr þessu skorið annaðhvort af hálfu hlutaðeigandi stjórnvalda, eftir að þau hafa haft samráð við þau samtök vinnuveitenda og vinnuþega, sem hlut eiga að máli og þar sem þau eru starfandi, eða á hvern þann hátt annan, sem samræmist lögum og venjum viðkomandi lands.

#### 4. gr.

Sérhvert aðildarríki, sem staðfestir samþykkt þessa, tekst á hendur að sjá um að —

- a. viðhalda gildi laga og reglugerða, sem tryggja beitingu þeirra almennu meginreglna, sem nefndar eru í II. kafla; og
- b. að ákvæðum Tillagna um heilbrigðisráðstafanir (verzlunir og skrifstofur) frá 1964, eða samsvarandi ákvæðum, verði veitt það gildi, sem mögulegt er og æskilegt má teljast miðað við aðstæður þær, sem ríkjandi eru í landi því, sem hlut á að máli.

#### 5. gr.

Lög þau eða reglugerðir, sem veita ákvæðum þessarar samþykktar gildi, eða sérhver lög eða reglugerðir, er veita ákvæðum Tillagna um heilbrigðisráðstafanir (verzlunir og skrifstofur) frá 1964 eða samsvarandi ákvæðum það gildi, sem mögulegt er og æskilegt má teljast, miðað við aðstæður þær, sem ríkjandi eru í landi því, sem hlut á að máli, skulu samdar í samráði við þau samtök vinnuveitenda og vinnuþega, sem hlut eiga að máli, þar sem þau eru starfandi.

#### 6. gr.

1. Gera skal viðeigandi ráðstafanir með nægilegu eftirliti, eða á annan hátt, til þess að tryggja beitingu þeirra laga og reglugerða, sem vísað er til í 5. gr.
2. Þar sem slíkt á við um þann hátt, sem á er hafður til þess að veita samþykkt þessari gildi, skal gera nauðsynlegar ráðstafanir með beitingu refsiakvæða til þess að tryggja framkvæmd slíkra laga og reglugerða.

## II. KAFLI Meginreglur.

### 7. gr.

Öllum húsakynnum, sem notuð eru af starfsfólki, og öllum búnaði þeirra, skal vel við haldið og slíkum búnaði og húsakynnum jafnframt haldið vel hreinum.

### 8. gr.

Allt húsnæði, sem notað er af starfsfólki, skal búið hæfilegri loftræstingu, sem veitir fersku eða hreinsuðu lofti inn í húsnæðið, hvort sem slíkt er framkvæmt á vélrænan eða eðlilegan hátt eða hvort tveggja.

### 9. gr.

Allt húsnæði, sem notað er af starfsfólki, skal búið hæfilegri lýsingu. Eftir því sem unnt er skulu vinnustaðir njóta eðlilegrar birtu.

### 10. gr.

Í öllum húsakynnum, sem notuð eru af starfsfólki, skal hitaslig vera eins þægilegt og jafnt og ástæður frekast leyfa.

### 11. gr.

Allir vinnustaðir skulu þannig skipulagðir, og vinnustöðvum þannig komið fyrir að heilsu starfsmanns stafi ekki hætta af.

### 12. gr.

Starfsfólk skal hafa aðgang að nægilegu magni af heilnæmu drykkjarvatni, eða öðrum heilsusamlegum drykkjum.

### 13. gr.

Komið skal fyrir nægilegum og hæfilegum þvotta- og hreinlætisbúnaði, og skal honum vel við haldið.

### 14. gr.

Starfsfólki skal séð fyrir nægilega mörgum og hæfilega góðum sætum, auk þess sem því skal veitt tækifæri til að nota þau, eftir því sem sanngjarnt má teljast.

### 15. gr.

Á vinnustað skal séð fyrir hæfilegum búnaði og aðstöðu til að skipta um föt, geyma og þurrka föt, sem ekki eru notuð á vinnustað, og skal slíkum búnaði vel við haldið.

### 16. gr.

Vinnustaðir, sem eru neðanjarðar eða gluggalausir, þar sem vinna er framkvæmd að staðaldri, skulu uppfylla hæfilegar kröfur um heilbrigðisráðstafanir.

### 17. gr.

Gera skal hæfilegar og raunhæfar ráðstafanir til þess að vernda starfsfólk gegn efnum, vinnsluáðferðum og vinnubrögðum, sem eru ógeðfæld, óheilsusamleg eða citruð, eða skaðleg af einhverjum ástæðum. Þar sem eðli vinnunnar krefst þess skulu hlutaðeigandi stjórnvöld mæla fyrir um notkun búnaðar til verndar einstökum starfsmönnum.

### 18. gr.

Gera skal hæfilegar og raunhæfar ráðstafanir til að draga svo sem unnt er úr hávaða og titringi, sem líklegur er til þess að hafa skaðleg áhrif á starfsfólk.

## 19. gr.

Sérhver stofnun, fyrirtæki eða þjónusturekstur, eða deildir þeirra, sem samþykkt þessi tekur til, skal, eftir því sem stærð og hugsanleg áhætta segir til um —

- a. reka eigin sjúkrastofu eða stöð, þar sem hægt er að veita hjálp í viðlögum; eða
- b. reka sjúkrastofu eða stöð, þar sem hægt er að veita hjálp í viðlögum, í samvinnu við aðrar stofnanir, fyrirtæki eða þjónusturekstur, eða deildir þeirra; eða
- c. hafa einn eða fleiri skápa, kistur eða kassa með sjúkrabúnaði til þess að veita hjálp í viðlögum.

## III. KAFLI

## Lokaákvæði.

## 20. gr.

Formlegar fullgildingar á þessari samþykkt skulu sendar framkvæmdastjóra Alþjóðavinnumálaskrifstofunnar til skráningar.

## 21. gr.

1. Þessi samþykkt skal einungis bindandi fyrir þau aðildarríki Alþjóðavinnu-málastofnunarinnar, sem hafa látið frakvæmdastjórann skrá fullgildingar sínar.
2. Hún gengur í gildi tólf mánuðum eftir að fullgildingar tveggja aðildarríkja hafa verið skráðar hjá framkvæmdastjóranum.
3. Síðan gengur þessi samþykkt í gildi, að því er snertir hvert aðildarríki, tólf mánuðum eftir að fullgilding þess hefur verið skráð.

## 22. gr.

1. Aðildarríki, sem fullgilt hefur samþykkt þessa, getur sagt henni upp að liðnum tíu árum frá fyrstu gildistöku hennar. Tilkynningu um uppsögn skal senda framkvæmdastjóra Alþjóðavinnumálaskrifstofunnar til skrásetningar. Slík uppsögn öðlast ekki gildi fyrr en ár er liðið frá skrásetningardegi hennar.
2. Hvert það aðildarríki, sem fullgilt hefur samþykkt þessa, en notfærir sér ekki innan árs frá lokum tíu ára tímabilsins, sem um getur í fyrri tölulið, rétt þann til uppsagnar, sem kveðið er á um í þessari grein, skal bundið af henni í annað tíu ára tímabil og síðan getur það sagt þessari samþykkt upp að loknu hverju tíu ára tímabili í samræmi við ákvæði þessarar greinar.

## 23. gr.

1. Framkvæmdastjóri Alþjóðavinnumálaskrifstofunnar skal tilkynna öllum aðildarríkjum Alþjóðavinnu-málastofnunarinnar skráningu allra fullgildinga og uppsagna sem aðildarríki stofnunarinnar hafa sent honum.
2. Þegar framkvæmdastjórinn tilkynnir aðildarríkjum stofnunarinnar skrásetningu annarrar fullgildingarinnar, sem honum berst, skal hann vekja athygli þeirra á, hvaða dag samþykktin gangi í gildi.

## 24. gr.

Framkvæmdastjóri Alþjóðavinnumálaskrifstofunnar skal senda aðalritara Sameinuðu þjóðanna til skráningar samkvæmt 102. grein sáttmála Sameinuðu þjóðanna, allar upplýsingar um fullgildingar og uppsagnir, sem hann hefur skrásett í samræmi við ákvæði undanfarandi greina.

## 25. gr.

Þegar stjórn Alþjóðavinnumálaskrifstofunnar kann að álíta það nauðsynlegt, skal hún leggja fyrir Allsherjarþingið skýrslu um framkvæmd þessarar samþykktar og athuga jafnframt, hvort æskilegt sé að setja á dagskrá þingsins breytingar á henni allri eða hluta hennar.



## 26. gr.

1. Ef þingið gerir nýja samþykkt, sem breytir þessari samþykkt að meira eða minna leyti og sú samþykkt mælir ekki fyrir á annan veg, þá skal:
  - a. fullgilding aðildarríkis á hinn nýju samþykkt ipso jure hafa í för með sér tafarlausa uppsögn þessarar samþykktar, hvað sem ákvæðum 22. gr. hér að framan liður, ef hin nýja samþykkt öðlast gildi og þá frá þeim tíma er það gerðist;
  - b. aðildarríkjum ekki heimilt að fullgilda þessa samþykkt, eftir að hin nýja samþykkt gekk í gildi.
2. Þessi samþykkt skal, hvað sem öðru liður, halda gildi sínu eins og hún er að formi og efni hvað snertir þau aðildarríki, sem hafa fullgilt hana, en ekki hina nýju samþykkt.

## 27. gr.

Hinn enski og franski texti þessarar samþykktar eru jafngildir.

Fylgiskjal II.

## Samþykkt (nr. 121 um bætur vegna slysa við vinnu.

Allsherjarþing Alþjóðavinnuáskrifstofnunarinnar, saman komið til 48. þingsetu sinnar í Genf hinn 17. daga júnímánaðar 1964, samkvæmt kvaðningu stjórnar Alþjóðavinnuáskrifstofunnar, hefur samþykkt ákveðnar tillögur varðandi bætur vegna slysa við vinnu og vegna atvinnusjúkdóma, en tillögur þessar voru 5. mál á dagskrá þingsins, og þar eð þingið hefur ákveðið að tillögur þessar skuli gerðar í formi alþjóðasamþykktar, gerir þingið í dag, hinn 8. júlí 1964, eftirfarandi samþykkt, sem nefnist Samþykkt um bætur vegna slysa við vinnu, 1964:

## 1. gr.

Í samþykkt þessari --

- a. tekur orðið „löggjöf“ til sérhverra reglna varðandi almannatryggingar, sem og til laga og reglugerða þar að lútandi;
- b. merkir orðið „tíltækinn“ að eitthvað sé ákveðið í lögum eða samkvæmt ákvæðum laga hlutaðeigandi ríkis;
- c. tekur hugtakið „iðnaðarfyrirtæki“ til allra fyrirtækja í eftirtöldum atvinnugreinum: námugreiftri og hvers konar námuvinnslu, framleiðslu, byggingar-iðnaði, þjónustustarfsemi, sem sér fyrir rafmagni, gasi, vatni og hreinlætis-þjónustu, svo og flutningum, geymslu vöru og samgöngum;
- d. hugtakið „háður“ tekur til þess ástands að einhver eða eitthvað sé háð öðru og gert er ráð fyrir að eigi sér stað í tilvikum, sem sérstaklega er mælt fyrir um;
- e. hugtakið „barn á framfæri“ tekur til --
  - (i) barns, sem ekki hefur náð þeim aldri, er börn hætta skyldunámi, eða sem ekki er orðið 15 ára að aldri, hvort sem herra er, og
  - (ii) barns, er ekki hefur náð tilteknum aldri, sem er hærri en sá aldur, sem tilgreindur er í tölulið (i), og sem jafnframt er iðnnemi eða nemandi eða þjáist af langvarandi sjúkdómi eða örkuðum, sem gerir honum ókleift að stunda arðbært starf, samkvæmt skilyrðum, sem tilgreind eru í lögum hlutaðeigandi ríkis; að því tilskildu þó að þannig sé litið á að þessu skilyrði sé fullnægt á þann hátt að hugtakið sé þannig skilgreint í lögum að það taki til sérhvers barns, sem ekki hefur náð aldri, sem er talsvert hærri en sá aldur, sem tilgreindur er í tölulið (i).

## 2. gr.

1. Aðildarríki, sem býr við slíkt ástand á sviði efnahags- og heilbrigðismála, að þau geta ekki talizt nægilega þróuð, getur með yfirlýsingu, er fylgi staðfestingu þess, fært sér í nyt þau undanþáguákvæði, sem eru til bráðabirgða, og felast í eftirfarandi greinum: 5. grein, 9. grein, 3. málsg., staflíð b., 12. grein, 15. grein, 2. málsg. og 18. grein, 3. málsg. Sérhver slík yfirlýsing skal skýra frá ástæðunum fyrir slíkum undanþágum.
2. Sérhvert aðildarríki, sem hefur gefið út yfirlýsingu, samkvæmt ákvæðum 1. málsg. þessarar greinar, skal í skýrslu sinni um framkvæmd þessarar samþykktar, sem fram er lögð í samræmi við ákvæði 22. gr. stofnskrár Alþjóðavinnuálastofnunarinnar, skýra frá því, í sambandi við hverja einstaka undanþágu —
  - a. að ástæðan fyrir því að notfæra sér slíka undanþágu sé enn við lýði; eða
  - b. að það afnciti rétti sínum til þess að færa sér í nyt umrædda undanþágu, frá tilteknum degi að telja.

## 3. gr.

1. Sérhvert aðildarríki, sem staðfestir þessa samþykkt, getur með yfirlýsingu, sem fylgir staðfestingunni, skilið eftirfarandi starfshópa undan ákvæðum samþykktarinnar:
  - a. sjómenn, þar með taldir fiskimenn,
  - b. opinbera starfsmenn,
 þegar þessir starfshópar njóta verndar sérstakra ráðstafana, sem í heild veita að minnsta kosti sömu bætur og þar, sem ákvæði þessarar samþykktar segja fyrir um.
2. Nú er yfirlýsing samkvæmt 1. málsg. þessarar greinar í gildi, og getur þá aðildarríki skilið einstaklinga, sem heyra til þeim starfshóp eða starfshópum, sem framkvæmd samþykktarinnar nær ekki til, frá þeim fjölda vinnuþega, sem talið er með, þegar reiknuð er út hundraðstala starfsmanna í samræmi við ákvæði þau, er felast í 2. málsg., staflíð d., 4. grein, og í 5. grein.
3. Sérhvert aðildarríki, sem gefið hefur út yfirlýsingu samkvæmt ákvæðum 1. málsg. þessarar greinar, getur að því búnu tilkynnt aðalframkvæmdastjóra Alþjóðavinnuálastofnunarinnar að það samþykki skuldbindingar þær, sem í þessari samþykkt felast, að því er varðar þann starfshóp eða starfshópa, sem undanskildir voru við staðfestingu samþykktarinnar.

## 4. gr.

1. Löggjöf hlutaðeigandi ríkis varðandi bætur vegna slysa við vinnu skal vernda alla vinnuþega, þar með talda iðnnema, hvort sem þeir starfa hjá opinberum aðilum eða einkaaðilum, þar með talin samvinnufélög, og ef um dauðsfall fyrirvinnu er að ræða, þá einnig tilgreinda flokka bótaþega.
2. Sérhvert aðildarríki getur gert undantekningar, eftir því sem það telur nauðsyn á, að því er tekur til —
  - a. þeirra einstaklinga, sem stunda óstöðuga atvinnu og gegna störfum, er ekki þjóna sama tilgangi og starfsgrein eða rekstur vinnuveitandans;
  - b. þeirra, sem stunda vinnu út á við en ekki á fastákveðnum vinnustað;
  - c. meðlíma fjölskyldu vinnuveitandans, sem búa í húsi hans, vegna starfa sinna í hans þjónustu;
  - d. annarra flokka vinnuþega, sem ekki skulu telja fleiri en 10 af hundraði allra vinnuþega annarra en þeirra, sem undanþegnir eru samkvæmt málslíðum a. til c.

## 5. gr.

Þar sem yfirlýsing samkvæmt ákvæðum 2. greinar er í gildi, má takmarka framkvæmd löggjafar um bætur vegna slysa við vinnu við tilgreinda flokka vinnu-

þega, sem að heildartölu skulu ekki vera færri en 75 af hundraði allra vinnuþega, er starfandi eru hjá iðnaðarfyrirtækjum, og ef um dauða fyrirvinnu er að ræða, þá einnig við tilgreinda flokka bótaþega.

## 6. gr.

Bætur vegna slysa við vinnu skulu greiddar í eftirtöldum tilvikum og við eftirtaldar aðstæður:

- a. þegar um sjúklegt ástand er að ræða;
- b. þegar um er að ræða vanmegn til að stunda vinnu, af völdum slíks ástands, sem hefur í för með sér tekjumissi eins og hann er ákvarðaður í lögum hlutaðeigandi ríkis;
- c. þegar um er að ræða algjöran missi á hæfni til tekjuöflunar, eða missi slíkrar hæfni að einhverjum hluta, sem þó fer fram úr tilteknu stigi, og sem búast má við að sé til frambúðar, eða tilsvarendi missi starfsorku; og
- d. missir fyrirsjár sökum dauðsfalls fyrirvinnu af hálfu tilgreindra flokka bótaþega.

## 7. gr.

1. Hvert aðildarríki um sig skal ákveða skilgreiningu á hugtakinu „slys við vinnu“, þar með talið við hvaða skilyrði slys, sem eiga sér stað á leið í eða úr vinnu, skuli teljast slys við vinnu, og skal það tilgreina hugtök þau, sem eiga við þá skilgreiningu, í skýrslum sínum um framkvæmd þessarar samþykktar, sem skila ber samkvæmt 22. grein stofnskrár Alþjóðavinnuáráðsstofnunarinnar.
2. Þar sem slys, sem eiga sér stað á leið í eða úr vinnu, eru bætt samkvæmt ákvæðum almannatrygginga annarra en ákvæða, sem lúta að slysum við vinnu, og þessi ákvæði veita bætur fyrir slys, sem eiga sér stað á leið í eða úr vinnu, er í heild jafnast að minnsta kosti á við þær bætur, sem greiða þarf samkvæmt ákvæðum þessarar samþykktar, þá skal eigi vera nauðsynlegt að kveða á um slys, sem eiga sér stað á leið í eða úr vinnu, í skilgreiningu á hugtakinu „slys við vinnu“.

## 8. gr.

Sérhvert aðildarríki skal —

- a. gera skrá yfir sjúkdóma, og skal hún að minnsta kosti taka til þeirra, sem taldir eru í fylgiskjali I, er þessari samþykkt fylgir, og skulu þeir teljast til atvinnusjúkdóma við sérstaklega tilgreind skilyrði; eða
- b. fella inn í löggjöf sína almenna skilgreiningu á atvinnusjúkdómum, sem sé nægilega rúm til þess að taka að minnsta kosti til þeirra sjúkdóma, sem taldir eru í fylgiskjali I, sem þessari samþykkt fylgir; eða
- c. gera skrá yfir sjúkdóma samkvæmt staflíð a. er síðan fylgi almenn skilgreining á atvinnusjúkdómum eða önnur ákvæði, sem kveði á um það við hvaða vinnuaðstæður þeir sjúkdómar eiga upptök sín, sem ekki eru þannig skráðir, eða sem eiga sér upptök við önnur skilyrði en þau, sem tilgreind eru.

## 9. gr.

1. Sérhvert aðildarríki skal tryggja þeim einstaklingum, sem verndar njóta, eftirfarandi bætur, sem þó skulu háðar þeim skilyrðum, sem tilgreind eru:
  - a. lækniþjónustu og skyldar bætur vegna sjúklegs ástands;
  - b. bótagreiðslur vegna þeirra tilvika, sem tilgreind eru í 6. grein, staflíðum b., c. og d.
2. Eigi má gera rétt til bóta háðan þeirri tímallengd, sem starfsmaður hefur gegnt störfum, tímallengd váttryggingar eða greiðslu iðgjalda. Að því er tekur til atvinnusjúkdóma má þó ákveða nánar tiltekið tímabil, sem hlutaðeigandi kann að hafa verið í sýkingarhættu.

3. Bætur skal veita allan þann tíma, sem viðeigandi tilfelli varir; þó að því tilskyldu að þegar um vanmátt til að stunda vinnu er að ræða, þá þarf ekki að inna af hendi greiðslur fjárbóta fyrstu þrjú dagana -
  - a. þegar lög aðildarríkis gera ráð fyrir biðtíma þann dag, sem samþykkt þessi gengur í gildi, með því skilyrði að í skýrslum aðildarríkisins um framkvæmd þessarar samþykktar, sem sendar eru samkvæmt ákvæðum 22. gr. stofnskrár Alþjóðavinnuáráðsstofnunarinnar, felist yfirlýsing þess efnis að ástæða þess til að færa sér í nyt þetta ákvæði, sé enn við lýði; eða
  - b. þegar yfirlýsing samkvæmt ákvæði 2. greinar er í gildi.

## 10. gr.

1. Læknisþjónusta og skyldar bætur vegna sjúklegs ástands, skulu taka til —
  - a. almennrar læknisþjónustu og þjónustu sérgreinalækna við sjúklinga, hvort sem þeir dvelja í sjúkrahúsi eða ekki, þar með talin heimilisvitjun;
  - b. tannlæknisþjónustu;
  - c. hjúkrunarþjónustu á heimili og í sjúkrahúsi eða annars konar læknisstofnun;
  - d. dagpeninga í sjúkrahúsum, hvíldarheimilum, sjúkrahælum eða annars konar læknisstofnunum;
  - e. lyfja og lyfjavara, sem þarf til lækningameðferðar eða uppskurðar, svo og til tannlækninga, þar með talin gerviliffari eða gervilimir, sem haldið er í góðu ástandi og endurnýjaðir, eftir því sem nauðsynlegt er, svo og gleraugna;
  - f. þjónustu, sem látin er í té af öðrum sérfræðingum, eftir því sem störf þeirra kunna hverju sinni að njóta lagalegrar viðurkenningar sem skyld læknisstarfinu, og skal slík þjónusta innt af hendi undir eftirliti læknis eða tannlæknis; og
  - g. eftirfarandi meðferðar á vinnustað, hvenær sem slíku verður við komið:
    - (i) meðhöndlun í neyðartilvikum á þeim, sem orðið hafa fyrir alvarlegu slysi;
    - (ii) áframhaldandi meðhöndlun þeirra, sem orðið hafa fyrir minniháttar meiðslum og ekki þurfa að leggja niður vinnu.
2. Bætur þær, sem veittar eru samkvæmt ákvæðum 1. málsgreinar þessarar greinar skal veita, með öllum tiltækum ráðum, í því skyni að viðhalda, endurreisa, eða þegar slíkt er ekki mögulegt, bæta heilsu þess, sem fyrir slysinu hefur orðið og getu hans til að stunda vinnu og sinna eigin þörfum sínum.

## 11. gr.

1. Hvert það aðildarríki, sem lætur í té læknisþjónustu og skyldar bætur með almennri heilbrigðisþjónustu eða læknisþjónustu fyrir þá, sem vinnu stunda, getur tilfært í lögum sínum að slík þjónusta skuli einnig látin í té þeim, sem orðið hafa fyrir slysum við vinnu, með sömu skilmálum og öðrum, sem eiga rétt á þeirri þjónustu, með því skilyrði að reglur þær, sem þar um gilda, séu þannig að þær valdi ekki viðkomandi aðila erfiðleikum.
2. Hvert það aðildarríki, sem lætur í té læknisþjónustu og skyldar bætur með því að endurgreiða kostnað, getur í lögum sínum kveðið á um sérstakar reglur, sem gilda um tilfelli, sem eru það viðamikil, vara það langan tíma og kosta það mikið í meðferð, að slíkt fari út fyrir þau takmörk, sem sanngjörn mega teljast, með því skilyrði að reglur þær, sem þar um gilda, brjóti ekki í bága við tilgang þann, sem tilgreindur er í 2. málsgr. 10. greinar, og séu þannig að þær valdi ekki viðkomandi aðila erfiðleikum.

## 12. gr.

Þar sem yfirlýsing, sem kveðið er á um í 2. gr., er í gildi, skal læknisþjónusta og skyldar bætur að minnsta kosti taka til —

- a. almennrar lækniþjónustu, þar með talin heimilissviðun;
- b. þjónustu sérfræðinga í sjúkrahúsum, hvort sem sjúklingarnir dvelja í sjúkrahúsi eða ekki, og slíkrar þjónustu sérfræðinga, sem fyrir hendi er utan sjúkrahúsa;
- c. nauðsynlegra lyfja og lyfjavöru samkvæmt lyfseðli útgefnum af lækni eða öðrum, sem heimilt er að stunda lækningar;
- d. sjúkrahúsvistar, þegar hún er nauðsynleg; og
- e. meðhöndlunar í neyðartilvikum, hvenær sem mögulegt er, á vinnustað á þeim, sem orðið hafa fyrir slysi við vinnu.

## 13. gr.

Bætur greiddar í peningum vegna vanhæfni til að stunda vinnu um stundar sakir, eða í fyrsta skipti, skulu háðar tímabundinni greiðslu, sem reiknast þannig að hún fullnægi skilyrðum þeim, sem felast í 19. gr., eða þeim, sem felast í 20. gr.

## 14. gr.

1. Fébætur vegna missis á hæfni til tekjuöflunar, sem líklegt er að vari til frambúðar, eða vegna tilsvarendi missis á starfsorku, skulu greiddar í öllum tilvikum, þar sem slíkur missir er enn við lýði, þegar tímabil það, sem bætur skulu greiddar á samkvæmt 13. gr., rennur út.
2. Þegar um er að ræða algjöran missi á hæfni til tekjuöflunar, sem líklegt er að vari til frambúðar, eða tilsvarendi missi starfsorku, skulu bæturnar vera hlutagreiðsla, sem reiknist þannig að hún fullnægi skilyrðum þeim, sem felast í 19. gr., eða þeim, sem felast í 20. gr.
3. Þegar um er að ræða missi á hæfni til tekjuöflunar að verulegu leyti, sem líklegt er að vari til frambúðar, og sem fer fram úr tilgreindu stigi, eða tilsvarendi missi starfsorku, skulu bæturnar vera hlutagreiðsla, sem nemur hæfilegum hluta þess, sem tilgreint er í 2. málsg. þessarar greinar.
4. Þegar um er að ræða missi á hæfni til tekjuöflunar að einhverju leyti, sem líklegt er að vari til frambúðar, og sem ekki telst vera verulegur en fer þó fram úr því tilgreinda stigi, sem nefnt er í 1. málsg. þessarar greinar, eða tilsvarendi missi starfsorku, þá má greiða bæturnar í einni heildarupphæð.
5. Það stig missis á hæfni til tekjuöflunar, eða tilsvarendi missi starfsorku, sem minnst er á í 1. og 3. málsg. þessarar greinar, skal tilgreint á þann hátt að ekki valdi erfiðleikum.

## 15. gr.

1. Við óvenjulegar aðstæður, og með samþykki þess, sem orðið hefur fyrir slysi, má breyta öllum eða nokkrum hlutagreiðslum, sem kveðið er á um í 2. og 3. málsg. 14. greinar, í heildargreiðslu, sem svari til jafnvirðis þeirra samkvæmt útreikningum tryggingarfræðings, þegar hlutaðeigandi stjórnvöld hafa ástæðu til að ætla að slík heildargreiðsla verði notuð á þann hátt, sem sérstaklega er í hag þeim, er fyrir meislum hefur orðið.
2. Þar sem í gildi er yfirlýsing samkvæmt ákvæði 2. greinar, og hlutaðeigandi aðildarríki telur að það ráði ekki yfir nauðsynlegri skrifstofuþjónustu til að annast hlutagreiðslur á vissum tímum, þá má breyta hlutagreiðslu þeirri, sem ráð er fyrir gert í 2. og 3. málsgrein 14. greinar, í heildargreiðslu, sem svari til jafnvirðis hennar samkvæmt útreikningum tryggingarfræðings á grundvelli þeirra gagna, sem fyrir hendi eru.

## 16. gr.

Veita skal hækkun á reglubundnum greiðslum eða öðrum aukabótum eða sérstökum bótum, eins og þær eru ákvæðnar, til handa þeim, sem þarfnast stöðugar aðstoðar eða umönnunar annarra.

## 17. gr.

Skilgreina skal nánar skilyrði þau, sem ráða því að hlutagreiðslur á vissum tíma, vegna missis á hæfni til tekjuöflunar eða tilsvareandi missis starfsorku, verði endurmetnar, frestað verði að inna þær af hendi eða þær úr gildi felldar með til-  
liti til breytingar á örorkustigi.

## 18. gr.

1. Fjárbætur vegna dauða fyrirvinnu skulu inntar af hendi með hlutagreiðslum á vissum tímum til ekkju, samkvæmt nánari skilgreiningu; til ekkils, sem er óvinnufær og eigi getur séð um framfæri sitt; barna hins látna, sem eigi geta séð um framfæri sitt og annarra, eftir því sem ákveðið kann að vera. Þessa greiðslu skal reikna út þannig að hún uppfylli annað hvort ákvæði þau, sem felast í 19. grein, eða ákvæði þau, sem felast í 20. grein, að því tilskildu þó að ekki reynist nauðsynlegt að veita ekkli, sem er óvinnufær og eigi getur séð um framfæri sitt, bætur, þegar bótagreiðslur til annarra eftirlifenda fara talsvert fram úr þeim bótum, sem gert er ráð fyrir samkvæmt þessari samþykkt, og þegar almannatryggingar, aðrar en tryggingar gegn slysum við vinnu, veita slíkum ekkli bætur, sem fara talsvert fram úr bótum fyrir örkuml samkvæmt ákvæðum samþykktar um lágmark félagslegs öryggis frá 1952.
2. Auk þess skal greiða útfararbætur samkvæmt tilgreindum taxta, og skulu þær ekki vera lægri en almennur jarðarfararkostnaður; að því tilskildu þó að þar sem bótagreiðslur til eftirlifenda fara talsvert fram úr þeim bótum, sem gert er ráð fyrir samkvæmt þessari samþykkt, má gera rétt til útfarabóta háðan tilskildum skilyrðum.
3. Þar sem yfirlýsing samkvæmt ákvæðum 2. greinar er í gildi, og hlutaðeigandi aðildarríki telur að það ráði ekki yfir nauðsynlegri skrifstofuþjónustu til að annast hlutagreiðslur á vissum tímum, þá má breyta hlutagreiðslu þeirri, sem ráð er fyrir gert í 1. málsg. þessarar greinar í heildargreiðslu, sem svari til jafnvirðis hennar samkvæmt útreikningi tryggingarfræðings á grundvelli þeirra gagna, sem fyrir hendi eru.

## 19. gr.

1. Þegar um er að ræða hlutagreiðslu á vissum tíma, sem ákvæði þessarar greinar taka til, þá skal upphæð bótanna, þar með talda fjölskyldubætur, sem kunna að falla til þann tíma, sem hlutaðeigandi tilfelli varir, vera það há, að því er tekur til þess tilfellis, sem um er að ræða vegna venjulegs bótaþega eins og hann er tilgreindur í áætlun II í þessari samþykkt, að hún nemi að minnsta kosti þeirri hlutfallstölu, sem þar er tilgreind af fyrri heildartekjum bótaþega eða fyrirvinnu hans, og sérhverra fjölskyldubóta, sem sá á tilkall til, er nýtur verndar og ber sömu fjölskylduábyrgð og venjulegur bótaþegi.
2. Fyrri laun bótaþega eða fyrirvinnu hans skal reikna út samkvæmt tilgreindum reglum, og þar sem þeim, er verndar njóta eða fyrirvinnu þeirra, er skipað í flokka eftir vinnutekjum, skal mega reikna út fyrri vinnutekjur þeirra á grundvelli grunnlauna þeirra flokka, sem þeim var skipað í.
3. Heimilt skal að tilgreina hámark tryggingarbóta eða vinnutekna, sem taka skal til greina við útreikning tryggingarbóta, að því tilskildu þó að hámark þetta sé ákveðið á þann hátt að það brjóti ekki í bága við ákvæði 1. málsg. þessarar greinar, þegar fyrri launatekjur bótaþega eða fyrirvinnu hans eru jafn háar eða lægri en kaup karlmanns, sem stundar fagvinnu.
4. Fyrri launatekjur bótaþega, eða fyrirvinnu hans, kaup þess karlmanns, sem fagvinnu stundar, tryggingarbæturnar og sérhverjar fjölskyldubætur skulu reiknaðar á grundvelli sömu tímallengdar.
5. Tryggingabætur til handa öðrum bótaþegum skulu vera í sanngjörnu hlutfalli við tryggingabætur til venjulegs bótaþega.

6. Að því er varðar tilgang þessarar greinar skal karlmaður, sem stundar fagvinnu, teljast að vera —
  - a. vélvirki eða rennismiður, sem starfar við framleiðslu véla annarra en rafmagnsvéla; eða
  - b. einstaklingur, sem talinn er vera hæfur fulltrúi atvinnugreinar, sem krefst sérkunnáttu og valin er í samræmi við ákvæði eftirfarandi málsgreinar; eða
  - c. einstaklingur, sem nýtur launatekna, er jafnast á við eða eru hærri en launatekjur 75 af hundraði allra þeirra, sem verndar njóta, og skulu slíkar launatekjur ákvarðast miðað við heilt ár, eða styttra tímabil, eftir því sem kveðið er á um; eða
  - d. einstaklingur, sem nýtur launatekna, er jafnast á við 125 af hundraði meðallauna allra þeirra, sem verndar njóta.
7. Einstaklingur, sem talinn er vera hæfur fulltrúi atvinnugreinar, sem krefst sérkunnáttu, að því er varðar tilgang málsliðs b. hér að framan, skal vera einstaklingur, er atvinnu stundar í mikilvægasta flokki atvinnugreina, þar sem mestur fjöldi starfhæfra karlmanna, sem verndar njóta í því tilfalli, sem um er að ræða, gegnir störfum, eða þar sem fyrirvinna þess, sem verndar nýtur, gegnir störfum, hvort heldur sem við á, í þeim flokki, sem telur mestan fjölda slíkra einstaklinga eða þeirra, sem fyrir þeim vinna. Í þessu sambandi skal nota til fyrirmyndar þá alþjóðlegu flokkun á öllum starfsgreinum, sem efnahags- og félagsmálaráð Samcínudu Þjóðanna samþykkti á 7. fundi sínum hinn 27. ágúst 1948, með breytingum, eins og hún er birt í fylgiskjali með þessari samþykkt, eða þá sömu flokkun með þeim frekari breytingum, sem kunna að verða gerðar á henni hverju sinni.
8. Þar sem upphæð bóta er breytileg eftir svæðum, þá skal mega ákveða um karlmann, sem stundar vinnu, er krefst sérkunnáttu, fyrir hvert svæði í samræmi við ákvæði 6. og 7. málsg. þessarar greinar.
9. Kaup karlmanns, sem stundar vinnu, er krefst sérkunnáttu, skal ákveðið annað hvort á grundvelli kauptaxta, sem gildir fyrir venjulegar vinnustundir eins og kveðið er á um þær í gagnkvæmum kaup- og kjarasamningum, með lögum og reglugerðum, eða í samræmi við slík lög eða reglugerðir, þar sem slíkt á við, eða samkvæmt venju, og skal vísitöluuppbót talin þar með, ef um slíkt er að ræða. Þar sem slíkir kauptaxtar eru breytilegir frá einu svæði til annars, en ekki er beitt ákvæði 8. málsg. þessarar greinar, þá skal gilda meðaltal slíkra kauptaxta.
10. Engin hlutagreiðsla, sem innt er af hendi með vissu millibili, skal vera lægri en sem nemur tilgreindri lágmarksupphæð.

## 20. gr.

1. Þegar um er að ræða hlutagreiðslu, sem innt er af hendi á vissum tímum og þessi grein tekur til, þá skal upphæð bótanna, að viðbættum hverjum þeim fjölskyldubótum, sem koma til greiðslu meðan viðkomandi tilfalli varir, vera það há, að því er tekur til þess tilfallis, sem um er að ræða vegna venjulegs bótaþega eins og hann er tilgreindur í áætlun II í þessari samþykkt, að hún nemi að minnsta kosti þeirri hlutfallstölu, sem þar er tilgreind af heildarkaupi fulltíða karlmanns, sem stundar vinnu, er ekki krefst sérkunnáttu, auk sérhverra fjölskyldubóta, sem sá á tilkall til, er verndar nýtur og ber sömu fjölskylduábyrgð og venjulegur bótaþegi.
2. Kaup fulltíða karlmanns, sem stundar vinnu, er ekki krefst sérkunnáttu, tryggingarhæturnar og sérhverjar fjölskyldubætur skal reiknað á grundvelli sömu tímalengdar.
3. Tryggingabætur til handa öðrum bótaþegum skulu vera í sanngjörnu hlutfalli við tryggingabætur til venjulegs bótaþega.

4. Að því er tekur til tilgangs þessarar greinar skal fulltíða karlmaður, sem stundar vinnu, er ekki krefst sérkunnáttu, teljast að vera —
  - a. einstaklingur, sem talinn er vera hæfur fulltrúi atvinnugreinar, sem ekki krefst sérkunnáttu, við framleiðslu véla annarra en rafmagnsvéla; eða
  - b. einstaklingur, sem talinn er vera hæfur fulltrúi atvinnugreinar, sem ekki krefst sérkunnáttu og valin er í samræmi við ákvæði eftirfarandi máls- greinar.
5. Einstaklingur, sem talinn er vera hæfur fulltrúi atvinnugreinar, sem ekki krefst sérkunnáttu, að því er varðar tilgang málsliðs b. hér að framan, skal vera ein- staklingur, er atvinnu stundar í mikilvægasta flokki atvinnugreina, þar sem mestur fjöldi starfhæfra karlmanna, sem verndar njóta í því tilfalli, sem um er að ræða, gegnir störfum, eða þar sem fyrirvinna þess, sem verndar nýtur, gegnir störfum, hvort heldur sem við á, í þeim flokki, sem telur mestan fjölda slíkra einstaklinga eða þeirra, sem fyrir þeim vinna. Í þessu sambandi skal nota til fyrirmyndar þá alþjóðlegu flokkun á öllum starfsgreinum, sem efna- hags- og félagsmálaráð Sameinuðu þjóðanna samþykkti á 7. fundi sínum hinn 27. ágúst 1948, með breytingum, eins og hún er birt í fylgiskjali með þessari samþykkt, eða þá sömu flokkun með þeim frekari breytingum, sem kunna að verða gerðar á henni hverju sinni.
6. Þar sem upphæð bóta er breytileg eftir svæðum, þá skal mega ákveða um full- tíða karlmann, sem stundar vinnu, er ekki krefst sérkunnáttu, fyrir hvert svæði um sig í samræmi við ákvæði 4. og 5. málsgr. þessarar greinar.
7. Kaup fulltíða karlmanns, sem stundar vinnu, er ekki krefst sérkunnáttu, skal ákveðið annað hvort á grundvelli kauptaxta, sem gildir fyrir venjulegar vinnu- stundir eins og kveðið er á um þær í gagnkvæmum kaup- og kjarasamningum, í lögum og reglugerðum, eða í samræmi við slík lög eða reglugerðir, þar sem slíkt á við, eða samkvæmt venju, og skal visitöluuppbóta talin með, ef um slíkt er að ræða. Þar sem slíkir kauptaxtar eru breytilegir frá einu svæði til ann- ars, en ekki er beitt ákvæði 6. málsgr. þessarar greinar, þá skal gilda meðaltal slíkra kauptaxta.
8. Engin hlutagreiðsla, sem innt er af hendi á vissum tímum, skal vera lægri en sem nemur tilgreindri lágmarksupphæð.

## 21. gr.

1. Þær bótagreiðslur, sem koma til greiðslu á hverjum tíma, samkvæmt 2. og 3. málsgr. 14. greinar, og 1. málsgr. 18. greinar, skal endurskoða, þegar átt hafa sér stað verulegar breytingar á almennum kaupgreiðslum af völdum verulegra breytinga á framfærslukostnaði.
2. Hvert aðildarríki skal geta um niðurstöður slíkrar endurskoðunar í skýrslum sínum varðandi framkvæmd á ákvæðum þessarar samþykktar, sem sendar eru samkvæmt ákvæðum 22. greinar stofnskrár Alþjóðavinnuálastofnunarinnar, og skal jafnframt geta um hverjar þær ráðstafanir, sem gerðar hafa verið.

## 22. gr.

1. Fresta má greiðslu á bótum, sem sá, er verndar nýtur, myndi annars eiga til- kall til samkvæmt ákvæðum þessarar samþykktar, að því marki, sem kveðið er á um, og þegar eftirfarandi tilvik koma til:
  - a. þann tíma sem sá, er í hlut á, kann að vera fjarverandi frá hlutaðeigandi aðildarríki;
  - b. þann tíma sem sá, er í hlut á, kann að njóta framfæris af opinberri hálfu, eða af hálfu almannatryggingastofnunar eða þjónustu;
  - c. þegar sá, sem í hlut á, hefur gert kröfu, er reynist vera svíksamleg;
  - d. þegar slys við vinnu hefur átt sér stað af völdum refsiverðs athæfis, sem sá, er í hlut á, hefur framið;



- e. þegar slys við vinnu er orsök ölaðis þess, sem í hlut á, eða alvarlegrar yfirsjónar að yfirlögðu ráði;
- f. þegar sá, sem í hlut á, vanrækir að fara sér í nyt þá lækniþjónustu eða aðra skylda þjónustu, eða þá endurhæfingarþjónustu, sem honum stendur til boða, án þess að gildar ástæður komi til, eða hann vanrækir að fara eftir settum reglum varðandi sannpröfun á því hvernig tilfelli það, sem um er að ræða, hefur ált sér stað og hvernig því vindur fram, eða reglum þeim, sem gilda um hegðan bótaþega; og
- g. svo lengi sem eftirlifandi maki býr með öðrum sem maka.

## 23. gr.

1. Sérhver kröfuhafi skal hafa rétt til áfrýjunar á máli sínu, ef honum hefur verið neitað um bætur eða kröfu hans hafnað, að því er varðar eðli hennar eða yfirgrip.
2. Þar sem framkvæmd þessarar samþykktar er þannig háttáð að stjórnardeild, sem er ábyrg gagnvart löggjafarvaldi, hefur verið falin yfirstjórn lækniþjónustu, getur í stað réttarins til áfrýjunar, sem ráð er fyrir gert í 1. málsg. þessarar greinar, komið réltur til þess að láta hlutaðeigandi stjórnvöld framkvæma rannsókn á kæru varðandi synjun um lækniþjónustu eða gæði og gagn þeirrar þjónustu, sem látin hefur verið í té.
3. Þar sem stofnaður hefur verið sérstakur dómur til þess að fjalla um málefni varðandi bætur eða vegna slysa við vinnu, eða um málefni, sem varða félagslegt öryggi almenn, og hann sker úr um kröfu bótaþega, þá skal enginn áfrýjunarréttur koma til.

## 24. gr.

1. Þar sem yfirstjórn þessara mála er ekki falin stofnun, sem er háð eftirliti opinberra stjórnvalda, eða stjórnardeild, sem er ábyrg gagnvart löggjafarvaldi, þá skulu fulltrúar þeirra, sem verndar njóta, eiga aðild að yfirstjórn þeirra, eða vera í tengslum við yfirstjórn þeirra á ráðgefandi hátt, samkvæmt tilgreindum skilyrðum. Sömuleiðis má ákveða það í lögum hvernig háttáð skuli afskiptum fulltrúa vinnuveitenda og opinberra stjórnvalda af þessum málum.
2. Aðildarríki skal taka á sig almenna ábyrgð á tilhlýðilegri yfirstjórn þeirra stofnana eða þeirrar þjónustustarfsemi, sem sér um framkvæmd á ákvæðum þessarar samþykktar.

## 25. gr.

Hvert aðildarríki skal taka á sig almenna ábyrgð á því að þær bætur, sem kveðið er á um í þessari samþykkt, verði inntar af hendi á tilhlýðilegan hátt, og skal gera allar þær ráðstafanir, sem þörf er á, til þess að svo megi verða.

## 26. gr.

1. Hvert aðildarríki skal, við tilgreind skilyrði --
  - a. gera ráðstafanir til þess að koma í veg fyrir slys við vinnu og atvinnusjúkdóma;
  - b. láta í té endurhæfingarþjónustu, sem miði að því að búa óvinnufæran mann undir það að taka aftur upp fyrri starfa sinn, hvenær sem slíkt er mögulegt, eða, ef slíkt reynist ekki mögulegt, þann arðsama starfa annan, sem hæfilegastur getur talizt, og skal þá taka tillit til hæfni hans og starfsorku; og
  - c. gera ráðstafanir til þess að efla þá starfsemi, sem miðar að því að sjá öryrkjum fyrir vinnu við þeirra hæfi.
2. Hvert aðildarríki skal, eftir því sem unnt er, veita upplýsingar um tíðni slysa við vinnu, og einnig hversu alvarleg þau eru, í skýrslum þeim, sem það sendir varðandi framkvæmd þessarar samþykktar samkvæmt ákvæðum 22. greinar stofnskrár Alþjóðavinnuálastofnunarinnar.

## 27. gr.

Hvert aðildarríki skal tryggja þeim, sem ekki eru þegar þess, jafnrétti innan síns landssvæðis á við eigin þegna sína, að því er tekur til bóta vegna slysa við vinnu.

## 28. gr.

1. Þessi samþykkt hefur í för með sér endurskoðun og breytingu á Samþykkt um bætur til verkamanna (landbúnaður) frá 1921, Samþykkt um bætur til verkamanna (slys) frá 1925, Samþykkt um bætur til verkamanna (atvinnusjúkdómar) frá 1925 og Samþykkt (endurskoðuð) um bætur til verkamanna (atvinnusjúkdómar) frá 1934.
2. Staðfesting á þessari samþykkt af hálfu aðildarríkis, sem er aðili að Samþykkt (endurskoðuð) um bætur til verkamanna (atvinnusjúkdómar) frá 1934 skal, í samræmi við ákvæði 8. greinar þeirrar samþykktar, *ipso jure* fela í sér ógildingu þeirrar samþykktar jafnskjótt og þessi samþykkt gengur í gildi, hins vegar skal gildistaka þessarar samþykktar ekki útiloka frekari staðfestingu á þeirri samþykkt.

## 29. gr.

Í samræmi við ákvæði 75. greinar Samþykktar um lágmark félagslegs öryggis frá 1952 skal VI. kafli þeirrar samþykktar og þau ákvæði í öðrum hlutum hans, sem við eiga, hætta að hafa gildi fyrir hvert það aðildarríki, sem hefur staðfest þessa samþykkt, frá þeim degi að telja sem þessi samþykkt öðlaðist gildi fyrir hlutaðeigandi aðildarríki, en viðurkenning á skuldbindingum þessarar samþykktar skal teljast að fela í sér viðurkenningu á skuldbindingum þeim, sem felast í VI. kafla Samþykktar um lágmark félagslegs öryggis frá 1952, og þeim ákvæðum í öðrum hlutum hennar, sem við eiga, að því er tekur til ákvæða 2. greinar téðrar samþykktar.

## 30. gr.

Ef einhver samþykkt, sem þingið kann að samþykkja síðar varðandi eitt-hvert það efni, sem fjallað er um í þessari samþykkt, kveður svo á, þá skulu þau ákvæði þessarar samþykktar, sem tilgreind eru í áður nefndri samþykkt, hætta að taka til sérhvers þess aðildarríkis, sem hefur staðfest fyrir nefnda samþykkt, frá þeim degi að telja er áður nefnd samþykkt öðlaðist gildi fyrir hlutaðeigandi aðildarríki.

## 31. gr.

1. Alþjóðavinnnumálaþingið getur, á hvaða þingsetu sem er, þar sem málið er á dagskrá, samþykkt með tveimur þriðju hlutum greiddra atkvæða breytingar á fylgiskjali I, sem þessari samþykkt fylgir.
2. Slíkar breytingar skulu öðlast gildi fyrir sérhvert aðildarríki, sem þegar er aðili að samþykktinni, þegar aðildarríkið tilkynnir aðalframkvæmdastjóra Alþjóðavinnnumálaskrifstofunnar um viðurkenningu sína á þeim.
3. Svo fremi að þingið ekki ákveður annað við samþykkt breytingar skal hún, á grundvelli þess að hún hefur verið samþykkt af þinginu, hafa gildi fyrir sérhvert það aðildarríki, sem síðar staðfestir samþykktina.

## 32.—39. gr.

Þessar greinar eru samhljóða gr. 20—27 í samþykkt nr. 120 (fylgiskjal I).

Fylgiskjal III.

## Samþykkt (nr. 122) um stefnu í atvinnumálum.

Allsherjarþing Alþjóðavinnumálastofnunarinnar, saman komið til 48. þingsetu sinnar í Genf hinn 17. dag júnímánaðar 1964, samkvæmt kvaðningu stjórnar Alþjóðavinnumálastofnunarinnar, vísar til þess að Philadelphíu-yfirlýsingin viðurkennir þá háttðlegu skyldu Alþjóðavinnumálastofnunarinnar að efla starfsemi þá og viðleitni meðal þjóða heimsins, sem miðar að því að tryggja öllum nægjanlega atvinnu og bæta lífskjör fólks. Þá vísar þingið til þess að inngangur að stofnskrá Alþjóðavinnumálastofnunarinnar felur í sér ákvæði, sem ganga í þá átt að komið verði í veg fyrir atvinnuleysi og að tryggð verði laun til hæfilegrar lífsafkomu.

Þá vísar þingið til þess að samkvæmt ákvæðum Philadelphíu-yfirlýsingarinnar er það eitt af verkefnum Alþjóðavinnumálastofnunarinnar að rannsaka og íhuga hver áhrif stefnan í efnahags- og fjármálum hefur á stefnuna í atvinnumálum, í ljósi þess grundvallarmarkmiðs að „allir menn, án tillits til kynþáttar, trúar eða kyns, eiga rétt til þess að efla efnahagslega velmegun sína og andlegan þroska við aðstæður frelsis og virðingar, efnahagslegs öryggis og jafnra tækifæra til handa öllum.“

Þingið vísar enn fremur til þess að alþjóðlega mannréttindayfirlýsingin kveður svo á að „allir menn skuli eiga rétt á að stunda vinnu, til að ráða því hvaða starf þeir taka sér fyrir hendur, að þeir skuli eiga rétt á að starfa við réttlátar og hagstæðar aðstæður og að þeir eigi rétt á vernd gegn atvinnuleysi.“

Þingið bendir á að ákvæði gildandi samþykktar og tillagna Alþjóðavinnumálastofnunarinnar hafa bein áhrif á stefnu í atvinnumálum, sérstaklega ákvæði Samþykktar og Tillögu um vinnumiðlun frá 1948, Tillögu um starfsfræðslu frá 1949, Tillögu um iðnfræðslu frá 1962 og Samþykktar og Tillögu frá 1958 varðandi mismunun í atvinnu og starfi.

Lítur þingið svo á að þessar samþykkir og tillögur eigi að notfæra sem lið í umfangsmeiri alþjóðlegri áætlun um aukinn hagvöxt á grundvelli nægrar og arðbærrar atvinnu, eftir frjálsum vali.

Því hefur þingið samþykkt ákveðnar tillögur varðandi stefnu í atvinnumálum, en tillögur þessar voru 8. mál á dagskrá þingsins, og þar eð þingið hefur jafnframt ákveðið að tillögur þessar skuli gerðar í formi alþjóðasamþykktar, gerir þingið í dag, hinn 9. júlí 1964, eftirfarandi samþykkt, sem nefnist Samþykkt um stefnu í atvinnumálum, 1964:

## 1. gr.

1. Í þeim tilgangi að efla hagvöxt og efnahagsþróun, bæta lífskjör, uppfylla þörfina fyrir vinnuafli og vinna bug á þeim vandamálum, sem stafa af atvinnuleysi og of lítilli atvinnu, skal sérhvert aðildarríki lýsa því yfir sem meginmarkmiði að framfylgja virkri stefnu, er miði að því að veita öllum næga, arðbæra atvinnu eftir frjálsum vali.
2. Fyrrgreind stefna skal miða að því að tryggja —
  - a. atvinnu handa öllum þeim, sem eflir vinnu leita,
  - b. að slík atvinna sé eins arðbær og mögulegt er,
  - c. frelsi í vinnuvali og jafnframt að sérhver starfsmaður hafi sem viðtækust tækifæri til þess að afla sér þjálfunar og sérmenntunar og til þess að nota hæfni sína og gáfur við þau störf, sem honum henta vel, án tillits til kynþáttar, litarháttar, kyns, trúar, stjórnmálaskoðunar og þjóðernislegs eða félagslegs uppruna.
3. Fyrr greind stefna skal miðast við það stig efnahagsþróunar, sem fyrir hendi er og það gagnkvæma samband, er ríkir milli stefnunnar í atvinnumálum,

annars vegar, og stefnunnar í efnahags- og félagsmálum, hins vegar. Einnig skal framkvæmd hennar hagað á þann veg, að slíkt samræmist aðstæðum og venjum í hverju einstöku landi.

## 2. gr.

Sérhvert aðildarríki skal, á þann hátt og að því marki, sem samræmist aðstæðum þeim, er fyrir hendi eru —

- a. ákveða, innan takmarka samræmdrar stefnu á sviði efnahags- og félagsmála, hvaða ráðstafanir skuli gera til að ná því markmiði, sem tilgreint er í 1. grein, og skulu þær ráðstafanir endurskoðaðar öðru hverju;
- b. grípa til þeirra úrræða, sem þörf er á, til að hrinda slíkum ráðstöfunum í framkvæmd, þar með talin gerð áætlana, þegar slíkt þykir við eiga.

## 3. gr.

Við framkvæmd ákvæða þessarar samþykktar skal haft samráð við fulltrúa þeirra, sem þau varða og cinkum skal haft samráð við fulltrúa vinnuveitenda og vinnuþega varðandi stefnuna í atvinnumálum í því skyni að taka fullt tillit til reynslu þeirra og skoðana, og til þess að tryggja fullkomna samvinnu þeirra í mótun slíkrar stefnu og þeirri viðleitni að vinna henni fylgi.

## 4.—11. gr.

Þessar greinar eru samhljóða gr. 20—27 í samþykkt nr. 120 (fylgiskjal I).

Fylgiskjal IV.**Samþykkt (nr. 123) um lágmarksaldur við vinnu neðanjarðar í námum.**

Allsherjarþing Alþjóðavinnumálastofnunarinnar saman komið til 49. þingsetu sinnar í Genf 2. júní 1965 samkvæmt kvaðningu stjórnar Alþjóðavinnumálaskrifstofunnar hefur samþykkt ákveðnar tillögur um lágmarksaldur við vinnu neðanjarðar í námum, en það er þáttur í fjórða dagskrármáli þessa þings.

Þingið bendir á að samþykktin frá 1935 um vinnu kvenna neðanjarðar í námum leggur almennt bann við vinnu kvenna, á hvaða aldri sem er, neðanjarðar í námum og að Samþykktin frá 1937 um lágmarksaldur í iðnaði, sem tekur til náma, kveður svo á að börn innan 15 ára aldurs megji ekki vinna við neina starfsemi hins opinbera eða einkaaðila, eða neinn þátt hennar.

Einnig vekur þingið athygli á því, að samþykktin mælir enn fremur svo fyrir að, að því er tekur til starfsemi, sem vegna eðlis síns eða aðstæðna, sem hún er framkvæmd við, er hættuleg lífi heilbrigði eða siðferði þeirra, sem þar vinna, skuli með lögum ákveða, eða veita viðkomandi stjórnvaldi umboð til þess að setja hærra aldursmark en 15 ár um vinnu unglunga í slíkri starfsemi.

Þingið telur og að, með tilliti til eðlis vinnu neðanjarðar í námum, sé æskilegt að setja með alþjóðlegum reglum hærra aldursmark en 15 ár í slíkri vinnu.

Með skírskotun til þessa hefur þingið ákveðið að þessar reglur skuli settar í formi alþjóðasamþykktar og því gerir það í dag, hinn 22. júní 1965 eftirfarandi samþykkt, sem nefnist Samþykkt um lágmarksaldur við námuvinnu, 1965:

## 1. gr.

1. Í samþykkt þessari tekur „náma“ til hvers konar starfsemi á vegum hins opinbera eða einstaklinga við vinnslu hvers konar efna, sem finnast undir yfirborði jarðar, og hefur í för með sér vinnu manna neðanjarðar.
2. Ákvæði þessarar samþykktar um vinnu neðanjarðar í námum taka einnig til vinnu neðanjarðar við grjótnám.

1. Menn innan tiltekens lágmarksaldurs skulu ekki ráðnir til vinnu neðanjarðar í námum.
2. Sérhvert aðildarríki, sem fullgildir þessa samþykkt, skal tiltaka lágmarksaldurinn í yfirlýsingu, sem fylgi fullgildingarskjalinu.
3. Lágmarksaldurinn skal aldrei vera lægri en 16 ár.

## 3. gr.

Hvert það aðildarríki, sem fullgildir þessa samþykkt, getur síðar tilkynnt framkvæmdastjóra Alþjóðavinnuáskrifstofunnar að það ákveði hærri lágmarksaldur en það gerði við fullgildinguna.

## 4. gr.

1. Hlutaðeigandi stjórnvald skal heita öllum nauðsynlegum ráðstöfunum, þ. á m. refsiaðgerðum, til þess að tryggja raunhæfa framkvæmd ákvæða þessarar samþykktar.
2. Hvert það aðildarríki, sem fullgildir þessa samþykkt undirgengst annað hvort að halda uppi tilhlýðilegu eftirliti með framkvæmd ákvæða samþykktarinnar eða tryggja það, að slíkt eftirlit sé viðhaft.
3. Í lögum eða reglugerðum skal tilgreina þá aðila, sem ábyrgir eru fyrir því að ákvæðum samþykktarinnar sé beitt.
4. Atvinnurekandinn skal halda og hafa til reiðu fyrir eftirlitsmenn skrár er hafi að geyma eftirfarandi upplýsingar um þá menn, sem vinna neðanjarðar og eru ekki fullum tveim árum eldri en hinn tiltekni lágmarksaldur:
  - a. fæðingardagur, staðfestur með vottorði ef unnt er; og
  - b. hvaða dag hlutaðeigandi maður fyrst hóf vinnu neðanjarðar hjá fyrirtækinu.
5. Að beiðni trúnaðarmanna verkamanna skal atvinnurekandinn leggja fram lista yfir þá menn, sem vinna neðanjarðar og hafa ekki náð aldri, sem er tveimur árum yfir hinn tiltekna lágmarksaldur. Á þessum listum skal greina fæðingardag þessara manna og hvenær þeir fyrst hófu störf neðanjarðar.

## 5. gr.

Ákvörðun um lágmarksaldur, sem tiltaka skal samkvæmt 2. og 3. grein þessarar samþykktar, skal tekin að höfðu samráði við aðalsamtök atvinnurekenda og verkamanna, sem hlut eiga að máli.

## 6.—13. gr.

Þessar greinar eru samhljóða gr. 20—27 í samþykkt nr. 120 (fylgiskjal I).

Fylgiskjal V.

### Samþykkt (nr. 124) um læknisskoðun ungmenna með tilliti til hæfni til vinnu neðanjarðar í námum.

Allsherjarþing Alþjóðavinnuáskrifstofunnar, saman komið til 49. þingsetu sinnar í Genf hinn 2. júní 1965, samkvæmt kvaðningu stjórnar Alþjóðavinnuáskrifstofunnar, hefur samþykkt ákveðnar tillögur um læknisskoðun unglunga með tilliti til hæfni þeirra til vinnu neðanjarðar í námum, en þessar tillögur eru þáttur í 3. máli á dagskrá þingsins.

Þingið bendir á að Samþykktin frá 1946 um læknisskoðun ungs fólks í iðnaði, sem tekur til námuvinna, kveður svo á að börn og unglingar innan 18 ára aldurs megi ekki hefja vinnu hjá iðnaðarfyrirtæki nema þau hafi við nákvæma læknis-

skoðun reynzt hæf til starfa þeirra, sem þau eiga að inna af hendi. Einnig kveður samþykktin svo á að áframhald vinnu barns eða ungmennis undir 18 ára aldri skuli vera háð lækni-skoðun á ákveðnum fresti, sem ekki sé lengri en eitt ár. Þá er og kveðið svo á að með lögum, eða reglugerðum í hverju landi skuli setja reglur um frekari lækni-skoðanir.

Þá vísar þingið til þess að samþykktin kveður einnig svo á að í starfsemi, sem hefur í för með sér sérstaka hættu fyrir heilbrigði manna, skuli lækni-skoðana krafizt a. m. k. til tuttugu og eins árs aldurs og með lögum eða reglugerðum skuli annað hvort tiltaka eða fela ákveðnu stjórnvaldi að tiltaka þau störf eða þær tegundir starfa, sem þessi fyrirmæli skuli gilda um.

Enn fremur bendir þingið á það, að með tilliti til þeirrar hættu fyrir heilbrigði, sem fylgir vinnu neðanjarðar, er æskilegt að setja alþjóðlegar reglur um lækni-skoðanir á fólki innan 21 árs aldurs með tilliti til hæfni til vinnu neðanjarðar í námum og hvernig þessar skoðanir skuli vera.

Þar sem þingið því hefur ákveðið að þessar reglur skuli settar í formi alþjóðasamþykktar gerir það nú hinn 23. dag júnimánaðar árið 1965 eftirfarandi samþykkt, sem nefnist Samþykkt um lækni-skoðun ungmenna í vinnu neðanjarðar, 1965:

## 1. gr.

1. Í samþykkt þessari tekur „náma“ til hvers konar starfsemi á vegum hins opinbera eða einstaklinga við vinnslu hvers konar efna úr jörðu, sem hefur í för með sér vinnu neðanjarðar.
2. Ákvæði þessarar samþykktar um vinnu neðanjarðar í námum taka einnig til vinnu neðanjarðar við grjótnám.

## 2. gr.

1. Vinna fólks undir 21 árs aldri neðanjarðar í námum skal háð skilyrði um ítarlegar lækni-skoðanir með tilliti til starfshæfni og skulu þær endurteknar á tilteknum fresti, sem ekki sé lengri en eitt ár.
2. Önnur skipan á lækni-skoðun með ungmennum 18--21 árs skal leyfð þegar hlutaðeigandi stjórnvald hefur, að fenginni umsögn læknis, fullvissað sig um, að sú skipan jafngildi eða sé raunhæfari en sú, sem krafizt er í 1. málsg. þessarar greinar, enda hafi verið haft samráð við aðalsamtök hlutaðeigandi atvinnurekenda og verkamanna.

## 3. gr.

1. Lækni-skoðun sú, sem kveðið er á um í 2. gr. skal —
  - a. framkvæmd á ábyrgð og undir eftirliti hæfs læknis, sem viðurkenndur er af hlutaðeigandi stjórnvaldi; og
  - b. vottuð á viðeigandi hátt.
2. Krefjast skal röntgenmyndar af lungum við fyrstu lækni-skoðun og einnig við síðari skoðanir, ef það er talið lækni-skoðun nauðsynleg.
3. Lækni-skoðanir þær, sem krafizt er í þessari samþykkt skulu ekki hafa í för með sér neinn kostnað fyrir ungmennið, foreldra þess eða forráðamenn.

## 4. gr.

1. Hlutaðeigandi stjórnvald skal gera allar nauðsynlegar ráðstafanir til þess að tryggja framkvæmd ákvæða samþykktarinnar þ. á m. að setja viðeigandi refsí-ákvæði.
2. Hvert það aðildarríki, sem fullgildir þessa samþykkt, undirgengst annað hvort að halda uppi viðeigandi eftirliti með því að ákvæðum samþykktarinnar sé framfylgt eða að tryggja það, að slíkt eftirlit sé framkvæmt.
3. Í lögum eða reglugerðum skal tiltaka þá aðila, sem ábyrgð bera á því, að ákvæðum samþykktar þessarar sé fullnægt.

4. Atvinnurekandi skal hafa til reiðu fyrir eftirlitsmenn skrá yfir þá menn undir 21 árs aldri, sem vinna neðanjarðar. Skrá þessi skal hafa að geyma:
  - a. fæðingardaga, tilhlýðilega vottaða, þar sem það er unnt;
  - b. upplýsingar um hvers konar starfið er;
  - c. vottorð um hæfni til starfsins, sem ekki greinir læknisfræðileg atriði.
5. Atvinnurekandinn skal veita fulltrúum verkamanna aðgang að upplýsingum þeim, sem nefndar eru í 4. tölulið þessarar greinar, er þeir óska þess.

## 5. gr.

Hlutaðeigandi stjórnvald í hverju landi skal hafa samráð við aðalsamtök hlutaðeigandi atvinnurekenda og verkamanna áður en mörkuð er almenn stefna í framkvæmd þessarar samþykktar og settar eru reglugerðir samkvæmt ákvæðum hennar.

## 6.—13. gr.

Þessar greinar eru samhljóða 20.—27. gr. samþykktar nr. 120 (fylgiskjal I.).

**Fylgiskjal VI.****Tillaga (nr. 120) um heilbrigðisráðstafanir í verzlunum og skrifstofum.**

Allsherjarþing Alþjóðavinnuáskrifstofunnar, saman komið til 48. þingsetu sinnar í Genf hinn 17. dag júnímánaðar 1964, samkvæmt kvaðningu stjórnar Alþjóðavinnuáskrifstofunnar, hefur samþykkt að fallast á tiltekna ábendingar varðandi heilbrigðisráðstafanir í verzlunum og skrifstofum, sem er 4. mál á dagskrá þingsins, og þar eð þingið hefur ákveðið að samþykkt verði tillaga hér að lútandi, samþykkir þingið í dag, hinn 8. dag júlímánaðar 1964, eftirfarandi tillögu, er nefnist Tillaga um heilbrigðisráðstafanir (verzlanir og skrifstofur) frá 1964:

**I. Gildissvið.**

1. Tillaga þessi tekur til eftirfarandi stofnana, fyrirtækja og þjónusturekstrar, hvort sem þau eru í einkaeign eða opinberri eigu:
  - a. verzlunarfyrirtækja;
  - b. fyrirtækja, stofnana og þjónusturekstrar, þar sem starfsmenn stunda aðallega skrifstofustörf, þar með taldar skrifstofur þeirra, sem embættisrekstur stunda;
  - c. sérhverra deilda annarra fyrirtækja, stofnana eða þjónusturekstrar, þar sem starfsmenn stunda aðallega verzlunar- og skrifstofustörf, að svo miklu leyti sem þær heyra ekki til þeim stofnunar- og fyrirtækjum, sem nefnd eru í 2. málsgl., og eru ekki háð ákvæðum landslaga eða reglugerða eða annarra fyrirmæla varðandi heilbrigðisráðstafanir í iðnaði, nánum, landbúnaði eða í sambandi við flutninga.
2. Þessi tillaga tekur einnig til eftirfarandi stofnana, fyrirtækja og þjónusturekstrar:
  - a. stofnana, fyrirtækja og þjónusturekstrar, sem veita persónulega þjónustu;
  - b. póst- og símaþjónustu;
  - c. blaðaútgáfa og annarrar útgáfustarfsemi;
  - d. hótela og gistihúsa;
  - e. matsölustaða, klúbba, veitingastaða og annarra stofnana álíka, sem sjá um mat- og veitingasölu;
  - f. leikhúsa og annarra skemmtistaða svo og annarrar skemmtiþjónustu.
3. 1. Þegar þess gerist þörf skal gera viðeigandi ráðstafanir til þess að ákvarða þau skil. sem greina á milli þeirra stofnana, fyrirtækja og þjónusturekstrar,

- sem tillaga þessi tekur til, og annarra stofnana. Skal slíkt gert að höfðu samráði við þau samtök vinnuveitenda og vinnuþega, sem hlut eiga að máli.
2. Hvenær sem vafi leikur á um það, hvort tillaga þessi tekur til einhverrar stofnunar, fyrirtækis eða þjónusturekstrar, skal úr því skorið annaðhvort af hlutaðeigandi stjórnvöldum, að höfðu samráði við þau samtök vinnuveitenda og vinnuþega, sem hlut eiga að máli, eða á hvern þann hátt annan, sem samræmist lögum og venjum í hverju landi.

## II. Framkvæmdahættir.

4. Þegar tillit er tekið til þeirra margvíslegu aðstæðna og venja, sem ríkjandi eru í hverju landi, má veita ákvæðum þessarar tillögu gildi á eftirfarandi hátt:
  - a. með samþykkt laga eða útgáfu reglugerða;
  - b. með gagnkvæmum samningum eða á annan hátt, sem vinnuveitendur þeir og vinnuþegar, er hlut eiga að máli, koma sér saman um;
  - c. með gjörðardómsúrskurði; eða
  - d. á hvern þann hátt annan, sem hlutaðeigandi stjórnvöld samþykkja að höfðu samráði við þau samtök vinnuveitenda og vinnuþega, sem hlut eiga að máli.

## III. Viðhald og þrífnaður.

5. Öllum þeim húsakynnum, þar sem vinna er framkvæmd, eða sem starfsfólk kann að þurfa að ganga um, eða þar sem komið hefur verið fyrir hreinlætistækjum eða annarri aðstöðu og búnaði til sameiginlegra afnota fyrir starfsfólkið, ætti að halda vel við, og sömuleiðis búnaði þeim, sem þar hefur verið komið fyrir.
6.
  1. Öllu slíku húsnæði og búnaði ætti að halda vel hreinum.
  2. Einkum og sér í lagi ætti að ræsta eftirfarandi reglulega:
    - a. gólf, stiga og ganga;
    - b. glugga, sem notaðir eru til að veita birtu, svo og búnað þann, sem veitir gerfibirtu;
    - c. vegg, loft og tæki.
7. Ræstingu ætti að framkvæma:
  - a. þannig að sem minnst þyrlist upp af ryki;
  - b. utan vinnutíma, nema um sérstakar aðstæður sé að ræða, eða þegar unnt er að framkvæma hana í vinnutíma án óþæginda fyrir starfsfólkið.
8. Fatageymslur, salerni, handlaugar og, ef nauðsynlegt er, annan búnað til sameiginlegra afnota fyrir starfsfólkið, ætti að ræsta og sótthreinsa reglulega.
9. Allt sorp og úrgang, sem líklegt er að gefi frá sér óþægileg, citruð eða skaðleg efni, eða valdi smitun, ætti að gera óskaðleg, nema á brott eða cinangra svo skjólt sem auðið er. Eyðingu þessa sorps og úrgangs ætti að framkvæma í samræmi við reglur, sem hlutaðeigandi stjórnvöld hafa samþykkt.
10. Gera ætti ráðstafanir til brottflutnings og eyðingar á öðru sorpi og úrgangi, og nægileg ilát ættu að vera fyrir hendi á hentugum stöðum fyrir slíkt sorp og úrgang.

## IV. Loftræsting.

11. Hvarvetna þar sem vinna er framkvæmd, eða þar sem hreinlætistækjum eða öðrum búnaði til sameiginlegrar notkunar fyrir starfsfólkið hefur verið komið fyrir, ætti að vera séð fyrir nægilegri og hæfilegri loftræstingu, hvort heldur sem hún er framkvæmd með eðlilegu móti eða á annan hátt, nema hvort tveggja sé, sem veitir fersku eða hreinsuðu lofti inn í viðkomandi húsakynni.
12. Einkum og sér í lagi --



- a. ætti búnaður sá, sem tryggir eðlilega eða vélræna loftræstingu að vera þannig hannaður að hann veiti nægilegt magn af fersku eða hreinsuðu lofti fyrir hvern starfsmann miðað við hverja klukkustund inn á tiltekið svæði, og skal þá tekið tillit til eðlis vinnunnar og aðstæðna við hana;
  - b. ætti að gera ráðstafanir til þess að fjarlægja gufur, ryk og hvers konar önnur óþægileg eða skaðleg óhreinindi, sem kunna að koma fram á vinnustað í sambandi við vinnu þá, sem þar er framkvæmd, eða gera slík efni óskaðleg eftir því sem unnt er;
  - c. ætti eðlilegur hraði á hreyfingu lofts við fastar vinnustöðvar að vera þannig, að hann geti ekki haft skaðleg áhrif á heilsu eða þægindi þess starfsfólks, sem þar er við vinnu;
  - d. ætti að gera hæfilegar ráðstafanir, eftir því sem unnt er og aðstæður útheimta, til þess að tryggja það, að hæfilegu loftrakastigi sé við haldið í lokuðum vinnustöðvum.
13. Þar sem vinnustaður er að öllu eða mestu leyti loftræstur, ætti að koma fyrir varaloftræstingu, annað hvort eðlilegri eða vélrænni, sem grípa má til ef eitthvað óvænt ber að höndum.

#### V. Lýsing.

14. Á öllum þeim stöðum, þar sem vinna er framkvæmd eða þar sem starfsfólk þarf að ganga í gegnum, eða þar sem komið hefur verið fyrir hreinlætisbúnaði eða öðrum búnaði til sameiginlegra afnota fyrir starfsfólkið, ætti að vera séð fyrir nægilegri og hæfilegri lýsingu, annað hvort eðlilegri lýsingu eða gerfilýsingu, svo lengi, sem líklegt er að þessir staðir séu í notkun.
15. Einkum og sér í lagi ætti að gera allar ráðstafanir, sem raunhæfar mega teljast —
  - a. til að tryggja sjónþægindi —
    - (i) með því að koma fyrir opum, sem eðlileg birta kemst í gegnum, og sé þeim hæfilega dreifl og þau nægilega stór;
    - (ii) með vandlegu vali og hæfilegri dreifingu gerfiljósabúnaðar;
    - (iii) með vandlegu vali líta, bæði fyrir húsakynni og tæki þau og búnað, sem þar er komið fyrir;
  - b. til að koma í veg fyrir óþægindi eða truflandi áhrif af völdum ofbirtu, of mikillar andstöðu ljóss og skugga, endurskins ljóss og of sterkrar beinnar lýsingar;
  - c. til að útrýma skaðlegu ljósblakti hvenær sem gerfilýsing er notuð.
16. Hvenær sem eðlileg lýsing getur með sanngirni talizt raunhæf þá skal hún notuð fram yfir aðra lýsingu.
17. Hlutaðeigandi stjórnvöld ættu að ákvarða staðla fyrir eðlilega lýsingu, svo og gerfilýsingu, fyrir mismunandi störf og húsakynni og ýmiss konar starfsgreinar.
18. Í húsakynnum, þar sem er saman kominn stór fjöldi starfsfólks eða gesta, ætti að koma fyrir lýsingu, sem grípa má til í sérstökum neyðartilvikum.

#### VI. Hiti.

19. Hvarvetna, þar sem vinna er framkvæmd, eða sem starfsfólk þarf að ganga um, eða þar sem komið hefur verið fyrir hreinlætisbúnaði eða öðrum búnaði til sameiginlegra afnota fyrir starfsfólkið, ætti að viðhalda beztu mögulegu skilyrðum að því er tekur til hita, raka og hreyfingu lofts, og skal þá tekið tillit til eðlis starfsins og veðurfars.
20. Engum starfsmanni ætti að vera gert að stunda reglulega vinnu við mjög hátt eða lágt hitastig. Með tilliti til þess ættu hlutaðeigandi stórnvöld að ákveða hvað teljast skuli annað hvort hámarks- eða lágmarkshitastig, eða hvort tveggja, jafnframt því sem þá sé tekið tillit til veðurfars, svo og til þess hvers konar

stofnun, fyrirtæki eða rekstrarþjónusta á í hlut og hvers konar störf um er að ræða.

21. Engum starfsmanni ætti að vera gert að stunda reglulega vinnu við aðstæður, sem fela í sér skyndilegar sveiflur á hitastigi, er hlutaðeigandi stjórnvöld álíta vera skaðleg heilsu manna.
22. 1. Engum starfsmanni ætti að vera gert að stunda reglulega vinnu í næsta námunda við vélbúnað, sem sendir frá sér mikið hitamagn, eða veldur mikilli kælingu lofti hið næsta sér, og sem hlutaðeigandi stjórnvöld telja skaðlegt heilsu fólks, nema því aðeins að gerðar séu hæfilegar ráðstafanir til að hafa hemil á slíku, vinnutími starfsmanns við slíkar aðstæður verði stytur, eða honum verði séð fyrir hæfilegum búnaði eða fatnaði til varnar slíkum skaðlegum áhrifum.
2. Koma ætti fyrir föstum eða hreyfanlegum skermum, hlífum eða öðrum hæfilegum úlbúnaði til að verja starfsfólk fyrir hvers konar aðstreymi hita eða kulda í miklum mæli, þar með töldum sólarhita.
23. 1. Ekki skyldi neinum starfsmanni gert að vinna við söluðisk utanhúss, þegar svo er kalt í veðri, að það geti verið heilsu hans skaðlegt, nema hann hafi hæfilega aðstöðu til þess að hlýja sér.
2. Ekki skyldi neinum starfsmanni gert að vinna við söluðisk utanhúss, þegar svo er heitt í veðri að það geti verið heilsu hans skaðlegt, nema fyrir hendi sé hæfileg aðstaða til varnar gegn slíkum hita.
24. Banna ætti notkun þeirra aðferða við upphitun eða kælingu, sem líklegar eru til þess að mynda skaðlegar eða ógeðfældar gufur í andrúmsloftinu á vinnustað.
25. Þegar störf eru unnin við mjög lágt eða hátt hitastig, ætti að stytta vinnudag starfsmanna, eða veita þeim vinnuhlé meðan á vinnunni stendur, eða gera aðrar viðhlítandi ráðstafanir.

#### VII. Vinnurými.

26. 1. Allir vinnustaðir ættu að vera þannig skipulagðir, og vinnustöðvum þannig komið fyrir, að slíkt hafi engin skaðleg áhrif á heilsu starfsmanna.
2. Hver og einn starfsmaður ætti að hafa nægilegt torfærulaust vinnurými til þess að inna af hendi störf sín, án þess að heilsu hans sé hætta búin.
27. Hlutaðeigandi stjórnvöld ættu að ákveða -
  - a. hvaða gólfrymi skuli ætlað hverjum starfsmanni, sem reglulega vinnur störf sín innan húss;
  - b. lágmarksrúmmál torfærulauss vinnurýmis, sem ætlað skal hverjum starfsmanni, sem reglulega vinnur störf sín innan húss;
  - c. lágmarksloft hæð í nýju húsnæði, þar sem reglubundin störf skulu unnin.

#### VIII. Drykkjarvatn.

28. Gera ætti ráðstafanir til þess að sjá starfsmönnum fyrir nægilegu magni af heilnæmu drykkjarvatni, eða einhverjum öðrum heilnæmum svaladrykk. Hvarvetna þar sem dreifing rennandi drykkjarvatns er framkvæmanleg ætti slíkt kerfi að ganga fyrir öðru.
29. 1. Öll ílát, sem notuð eru við dreifingu drykkjarvatns, eða sérhvers annars svaladrykks, sem dreifing er heimil:ð á, ættu að vera búin svo sem hér segir:
  - a. Ílátin ættu að vera vel lokuð og búin krana, þegar slíkt er hagkvæmt.
  - b. Utan á ílátin ætti að merkja greinilega hvert innihald þeirra er.
  - c. Ekki ætti að nota fötu, ker eða annað ílát með víðu opi að ofan (hvort sem á því er lok eða ekki), þannig að unnt sé að sökkva ofan í það áhaldi til að ná upp úr því vökva.
  - d. Ílátum þeim, sem notuð eru til að dreifa drykkjarvatni, ætti ávallt að halda vel hreinum.

2. Leggja ætti til nægilegan fjölda drykkjariláta, og sjá ætti fyrir aðstöðu til að þvo þau upp úr hreinu vatni.
3. Sameiginleg notkun drykkjariláta af fjölda starfsmanna ætti að vera bönnuð.
30. 1. Ekki ætti að dreifa vatni til drykkjar ef það hefur ekki verið tekið úr vatnsból, sem viðurkennt hefur verið af opinberri hálfu sem uppspretta heilnæms drykkjarvatns, nema því aðeins að hlutaðeigandi heilbrigðisyfirvöld veiti sérstaka heimild til slíkrar dreifingar og hafi stöðugt eftirlit með gæðum vatnsins.
2. Sérhverja aðferð við dreifingu vatns, sem er frábrugðin því, sem tíðkast hjá vatnsveitu þeirri, er starfar á staðnum og hlotið hefur viðurkenningu stjórnvalda, skal tilkynna til hlutaðeigandi heilbrigðisyfirvalda og leita eftir samþykki þeirra fyrir henni.
31. 1. Ef dreift er vatni, sem óhæft er til drykkjar, ætti að gefa slíkt til kynna með greinilegri merkingu á þeim stöðum, þar sem hægt er að taka slíkt vatn.
2. Ekki ætti að vera neitt samband, hvorki opið né á annan hátt, milli dreifingarkerfa drykkjarvatns og þess vatns, sem ekki er hæft til drykkjar.

#### IX. Handlaugar og steypiböð.

32. Starfsmönnum ætti að sjá fyrir nægilegum og hæfilegum hreinlætisbúnaði. Ætti honum að vera komið fyrir á hæfilegum stöðum og honum vel við haldið.
33. 1. Eftir því sem frekast er mögulegt ætti slíkur búnaður að fela í sér handlaugar með heilu vatni, ef nauðsynlegt er, og sömuleiðis steypuböð með heitu vatni, þar sem eðli starfsins útheimtir slíkt.
2. Starfsmönnum ætti að sjá fyrir sápu.
3. Hvenær sem eðli starfsins útheimtir slíkt ætti að sjá starfsmönnum fyrir sérstökum efnum til að þvo sér með (svo sem hreinsiefnum, sérstöku hreinsikremi eða dufti). Við líkamsþrífnað ætti að banna notkun efna, sem talizt geta heilsuspillandi.
4. Starfsmönnum ætti að sjá fyrir handklæðum, eða öðrum áhöldum til að þurrka sér við. Helzt ætti hver starfsmaður að hafa afnot af sínu sérstaka handklæði. Handklæði, sem notuð eru sameiginlega og láta ekki í té hreinan hluta við hverja notkun, ætti að banna.
34. 1. Vatn, sem notað er við handlaugar og steypuböð, ætti ekki að fela í sér neina hættu fyrir heilsu fólks.
2. Þegar vatn, sem notað er við handlaugar og steypuböð, er ekki hæft til drykkjar, ætti að gefa slíkt greinilega til kynna.
35. Konum og körlum ætti að sjá fyrir aðskildri aðstöðu til að þvo sér og baða, nema í mjög smáum stofnunum, þar sem slík aðstaða mætti vera sameiginleg, en þó með samþykki hlutaðeigandi stjórnvalda.
36. Hlutaðeigandi stjórnvöld ættu að ákveða fjölda handlauga og steypubaða, og við slíka ákvörðun ætti að taka tillit til fjölda starfsmanna og eðlis starfs þeirra.

#### X. Salerni.

37. Sjá ætti starfsfólki fyrir nægilega mörgum og hæfilega búnum salernum. Skyldi þeim komið fyrir á hæfilegum stöðum og þeim vel við haldið.
38. 1. Salernin ætti að skilja að með skilrúmum þannig að tryggt sé einrúm þeirra, sem nota þau.
2. Salernin ættu að vera búnin vatnsskolkerfum og fallbúnaði, auk þess sem leggja ætti til salernispappír eða annan búnað til hreinsunar.
3. Á salernum kvenna ætti að koma fyrir hentugum ílátum búnum loki, eða hæfilegum eyðingarbúnaði, svo sem brennsluofnum.
4. Eftir því sem unnl er, ætti að koma fyrir nægilegum fjölda handlauga, sem auðvelt er að komast að, í námunda við salernin.

39. Sjá ætti konum og körlum fyrir aðgreindum salernum, nema í stofnunum þar sem ekki fleiri en 5 einstaklingar starfa, eða einungis meðlimir fjölskyldu vinnuveitandans starfa. Þó skal samþykki hlutaðeigandi stjórnvalda þurfa að koma til, ef salerni karla og kvenna eru ekki aðskilin.
40. Hlutaðeigandi stjórnvöld ættu að ákveða fjölda salerna og þvagskála fyrir karlmenn, og salerna fyrir konur, og skal það gert með tilliti til fjölda starfsmanna.
41. Salerni ættu að vera nægilega loftræst og þannig staðsett að ekki verði ónæði af. Ekki ættu þau að vera þannig staðsett, að gengið sé inn í þau beint af vinnustað, úr kaffistofu eða matstofu, heldur aðskilin frá slíkum stöðum með opnu rými eða anddyri. Setja ætti þak yfir anddyri salerna, sem eru utan húss.

#### XI. Sæti.

42. Sjá ætti starfsfólki fyrir nægilegum og hæfilegum sætum, og ætti að veita starfsfólkinu hæfilegt tækifæri til þess að nota þau.
43. Vinnustöðvum ætti að vera þannig komið fyrir, eftir því sem frekast er unnt, að starfsmenn, sem annars eru standandi við vinnu sína, geti innt skyldustörf sín af hendi sitjandi, hvenær sem slíkt samræmist eðli vinnunnar.
44. Sæti, sem látin eru starfsmönnum í té, ættu að vera af þægilegri stærð og gerð, og með tilliti til heilbrigðis starfsmanna ættu þau að stuðla að því að líkaminn sé í sem hollastri stöðu við vinnuna. Ef nauðsynlegt er, ætti að láta starfsmönnum í té fótscemla í sama tilgangi.

#### XIII. Fatageymslur og búningasklefar.

45. Starfsmönnum ætti að sjá fyrir búnaði, svo sem fatasnögum og fataskápum, til þess að geta skipt um, geymt og þurrkað fót, sem ekki eru notuð á vinnustað, og ætli slíkum búnaði að vera vel við haldið.
46. Þar sem fjöldi starfsmanna og eðli starfsins krefst þess, ætti að veita starfsmönnum afnot af búningasklefum.
47. 1. Í búningasklefum ætti að vera eftirtalinn búnaður:
  - a. Vel loftræstir skápar fyrir sérhvern starfsmann, eða aðrar hæfilegar hirzlur, sem eru nægilega stórar og hægt er að læsa.
  - b. Nægilegur fjöldi sæta.
2. Leggja ætti til aðskilin hólf fyrir vinnuföt og annan klæðnað starfsmanna, hvenær sem þeir gegna slíkum störfum að hætla sé á að hættuleg efni komist í vinnuföt þeirra, þau verði mjög óhrein eða gegndreypt.
48. Konur og karlar ættu að hafa aðskilda búningasklefa.

#### XIII. Vinnustaðir neðanjarðar eða sem svipað er ástatt um.

49. Vinnustaðir, sem eru neðanjarðar eða gluggalausir, þar sem almennt er verið við störf, ættu að uppfylla viðhlitandi reglur um heilbrigðisráðstafanir, sem settar hafa verið af hlutaðeigandi stjórnvöldum.
50. Eftir því sem aðstæður leyfa ætti ekki að krefjast þess að starfsmenn vinni stöðugt á vinnustöðum, sem eru neðanjarðar, eða sem eru gluggalausir, heldur ættu þeir að skiptast á um að starfa á slíkum vinnustöðum.

#### XIV. Ógeðfæld, óheilsusamleg eða eitruð efni, aðferðir og tækni.

51. Gera ætti tilhlíðilegar og raunhæfar ráðstafanir til þess að vernda starfsmenn gegn efnum, aðferðum og tækni, sem er ógeðfæld, óheilsusamleg eða eitruð, eða á einhvern hátt skaðleg.

52. Einkum og sér í lagi ætti að gera þær ráðstafanir, sem hér greinir:
- gera ætti hverjar þær ráðstafanir, sem tilhlífðilegar og raunhæfar mega teljast til þess að í stað slíkra efna, aðferða og tækni komi efni, aðferðir og tækni, sem ekki eru ógeðfæld, óheilsusamleg eða eitruð, eða á einhvern hátt skaðleg, eða að minnsta kosti ekki að sama marki;
  - hlutaðeigandi stjórnvöld ættu að hvetja til þeirra ráðstafana, sem getið er í málslið a., og veita ráðleggingar í því sambandi, og að því er tekur til smá-sölu ættu þau einnig að hvetja til notkunar aðferða og tækni, svo og íláta, sem ekki hafa skaðleg áhrif í för með sér, og veita ráðleggingar þar að lútandi;
  - þegar ókleift reynist að koma á þeim ráðstöfunum, sem getið er í málslið a., ætti að heita verkfræðilegum hömlum, svo sem einangrun, loftræstingu eða öðrum álíka aðferðum, til að halda slíku í skefjum;
  - tækjum, sem notuð eru til að hafa hemil á eða eyða efnum, sem eru ógeðfæld, óheilnæm eða skaðleg af einhverjum ástæðum, ætti ávallt að halda í góðu ásigkomulagi;
  - gera ætti tilhlífðilegar og raunhæfar ráðstafanir til þess að vernda starfsmenn gegn áhættu, sem þeim kann að stafa af því að efni, sem eru ógeðfæld, óheilnæm eða eitruð, eða á einhvern hátt skaðleg, gufi upp, þeim sé skvett, hellt niður eða slett;
  - banna ætti starfsfólki að reykja, neyta matar eða drykkjar, eða bera á sig snyrtiefni þegar í notkun eru efni, sem eru eitruð eða af einhverjum ástæðum skaðleg. Koma ætti í veg fyrir að matur, drykkur, tóbak eða snyrtivörur, sem starfsfólk neytir og notar, geti spillt af slíkum efnum.
53. Sérhvert ílát, sem inniheldur hættuleg efni, ætti að vera merkt, sem hér segir:
- Után á ílátinu ætti að vera hættumerki í samræmi við viðurkenndar alþjóðareglur og sem jafnframt gefur til kynna, þegar nauðsynlegt er, eðli þeirrar áhættu, sem um er að ræða.
  - Után á ílátinu ætti að standa nafn efnisins eða merki, sem sýnir hvert efnið er.
  - Á ílátinu ætti einnig, eftir því sem mögulegt er, að standa leiðbeiningar um það hvaða hjálp í viðlögum ætti að við hafa ef efnið skyldi valda heilsuljóni eða líkamlegum skaða.
54. 1. Þegar svo ber undir, þrátt fyrir þær ráðstafanir, sem kunna að verða gerðar samkvæmt ákvæðum 51. og 52. greinar, að störfum þeim, sem verið er að vinna, fylgja sérstök óhreinindi, eða fela í sér aðferðir eða tækni eða notkun eða meðferð efna, sem eru óheilnæm, eitruð eða af einhverjum ástæðum skaðleg, þá ætti að veita starfsmönnum nægilega vernd með því að leggja þeim til sérstök hlífðarföt, eða sérstakan búnað eða tæki til varnar sér, eftir því sem nauðsynlegt er. Skal í þessu tilliti miða við eðli áhættunnar og hversu umfangsmikil hún er.
- Slíkur fatnaður, búnaður eða tæki ætti, meðal annars, að taka til þess, sem hér greinir, miðað við eðli þeirra starfa, sem framkvæmd eru: frakka, samfestinga, svuntna, augnhlífa, hanzka, hatta, hjálma, gríma, skófatnaðar, varnarsmyrsla og sérstaks dufts.
  - Ef nauðsynlegt er ættu hlutaðeigandi stjórnvöld að ákveða lágmarksnotagildi slíks búnaðar og tækja til hlífðar starfsmönnum.
  - Hvenær sem sérstakar opinberar heilbrigðisráðstafanir eða heilsuvernd starfsmanna krefst þess að þeir klæðist sérstökum hlífðarfötum eða noti sérstakan búnað eða tæki til hlífðar sér við vinnu sína, ætti að leggja starfsmönnum til slíkan fatnað eða búnað þeim að kostnaðarlausu, auk þess sem vinnuveitendur ættu að sjá um hreinsun og viðhald hans á sinn eigin kostnað.

55. Þegar notkun búnaðar eða tækja til hlífðar útrýmir ekki með öllu áhrifum af efnum, aðferðum og tækni, sem talin er óheilnæm eða citruð, eða af einhverjum ástæðum skaðleg, ættu hlutaðeigandi stjórnvöld að mæla með því að gripið verði til aukinna varúðarráðstafana, ef nauðsyn krefur.
56. 1. Þar, sem slíkt er nauðsynlegt, ættu hlutaðeigandi stjórnvöld að ákveða lágmarksaldur þeirra, sem mega stunda störf, sem fela í sér notkun slíkra efna, aðferða eða tækni.
2. Hlutaðeigandi stjórnvöld ættu að fyrirskipa læknisskoðun (bæði upphafs-skoðun og skoðun með reglulegu millibili) starfsmanna, sem verða fyrir áhrifum efna, sem eru óheilnæm eða citruð eða skaðleg af einhverjum ástæðum.

#### XV. Hávaði og titringur.

57. 1. Gera ætli tilhlíflegar og raunhæfar ráðstafanir til þess að draga úr hávaða (þar með talið hljómvarp) og titringi, sem líklegt er að hafi skaðleg áhrif á starfsmenn.
2. Gefa ætli sérstakan gaum að —
- verulegri eyðingu hávaða og titrings, sem verður til af völdum véla, svo og búnaðar og tækja, sem framleiða hljóð;
  - innlokun eða einangrun upptaka hávaða eða titrings, sem ekki er unnt að draga úr;
  - mínunkun styrkleika og styttingu tímalengdar hljómvarps, þar með talið varp tónlistar; og
  - notkun búnaðar til hljóðeinangrunar, þar sem slíkt er hagkvæmt, til þess að bægja frá skrifstofum hávaða, sem á sér upptök í vinnustofum, lyftum, færibrautum eða á götum úti.
58. Fari svo að ráðstafanir þær, sem tilgreindar eru í tölulíð 2. 57. grein, reynist ófullnægjandi til þess að eyða skaðlegum áhrifum á fullnægjandi hátt ætli —
- að sjá starfsmönnum fyrir hæfilegum cyrnaskjólum, þegar þeir verða fyrir hljómvarpi, sem líklegt er að valdi skaðlegum áhrifum;
  - að veita starfsmönnum, sem verða fyrir hljómvarpi og titringi, sem líklegt er að valda muni skaðlegum áhrifum, reglubundin vinnuhlé, er teljist til vinnustunda, í húsnæði, þar sem ekki gætir slíks hljómvarps og titrings;
  - að koma á kerfum til þess að dreyfa vinnunni eða skipta reglubundið um starfsfólk við hlutaðeigandi störf, þegar slíkt er nauðsynlegt.

#### XVI. Vinnuaðferðir og vinnuhraði.

59. Vinnuaðferðir ætti, svo sem unnt er, að laga eftir þörfum fyrir heilbrigðisráðstafanir, svo og eftir líkamlegu og andlegu heilbrigði og vellíðan starfsmanna.
60. Gera ætli viðhlitandi ráðstafanir til þess, meðal annars, að tryggja það að vélvæðing starfa eða aðferðir til þess að hraða störfum skapi ekki vinnuhraða, er sökum einbeittari athygli eða aukins hraða í hreyfingum er líklegur til þess að hafa skaðleg áhrif á starfsmenn, cinkum og sér í lagi ef slíkt veldur líkamlegri þreytu eða taugapreytu, sem hefur í för með sér traufanir, sem unnt er að greina við læknisskoðun.
61. Þar, sem aðstæður við vinnu gera slíkt nauðsynlegt, ættu hlutaðeigandi stjórnvöld að ákveða lágmarksaldur við störf þau, sem tilgreind eru í 60. grein.
62. Til þess að koma í veg fyrir skaðleg áhrif, eða til þess að draga úr þeim eftir því sem frekast er unnt, ætli að gera hlé á vinnunni, og teljist þau til vinnustunda, eða, þar sem unnt er að koma því við, koma á kerfi til að dreyfa vinnunni eða skipta reglubundið um starfsfólk við hlutaðeigandi störf.

## XVII. Hjálp í viðlögum.

63. Sérhver stofnun, fyrirtæki eða þjónusturekstur, eða deildir innan þeirra, sem þessi tillaga tekur til, ætli, með tilliti til stærðar sinnar og hugsanlegrar áhættu --
- a. að reka eigin sjúkrastofu eða miðstöð til að veita hjálp í viðlögum; eða
  - b. reka sjúkrastofu eða miðstöð til að veita hjálp í viðlögum sameiginlega með öðrum stofnunum, fyrirtækjum eða þjónusturekstri, eða deildum þeirra; eða
  - c. hafa einn eða fleiri sjúkraskápa, kistur eða kassa með útbúnaði til að veita hjálp í viðlögum.
64. 1. Búnaður í sjúkrastofum og miðstöðvum, sem veita hjálp í viðlögum, svo og sá búnaður, sem geymdur er í skápum, kistum eða kössum og tilgreindur er í 63. grein, ætli að vera háður ákvörðun hlutaðeigandi stjórnvalda, og ætti í því sambandi að taka tillit til fjölda starfsmanna og eðlis þeirrar áhættu, sem um er að ræða.
2. Geyma ætti búnað til hjálpar í viðlögum, sem hafður er í skápum, kistum eða kössum, í sóltreinsuðu ástandi. Slíkum búnaði ætli að halda vel við og hann ætti að athuga að minnsta kosti einu sinni í mánuði hverjum. Ætti þá jafnframt að bæta við þennan búnað eða þegar eftir noðkun, þar sem þess gerist þörf.
3. Í hverjum skáp, kistu eða kassa, sem búnaður til hjálpar í viðlögum er geymdur í, ættu ávallt að vera einfaldar og skýrar leiðbeiningar um það hvers konar hjálp í viðlögum eigi að veita, þegar neyðaratvik ber að höndum. Þar ætti sömuleiðis greinilega að vera gefið til kynna nafn þess manns, sem tilgreindur er samkvæmt ákvæðum 65. greinar. Auk þess ætti allt innihald í slíkum skápum, kistum og kössum að vera greinilega merkt.
65. Sjúkrastofur og miðstöðvar, sem veita hjálp í viðlögum, ættu ávallt að vera opnar og auðvelt að finna þar; sömuleiðis skápar, kistur og kassar, sem hafa að geyma búnað til hjálpar í viðlögum. Öll slík aðstaða og búnaður ætti að vera í umsjá ákveðins manns, sem fær er um að veita hjálp í viðlögum á þann hátt, sem hlutaðeigandi stjórnvöld ákveða.

## XVIII. Matsalir.

66. Starfsmenn ættu að hafa aðgang að matsölum eftir því sem hlutaðeigandi stjórnvöld ákveða.
67. 1. Í matsölum ætti að vera nægilegur fjöldi sæta og borða.
2. Í matsölum eða allra næsta nágrenni þeirra ætti að vera fyrir hendi kalt drykkjarvatn, svo og heitt vatn. Þar ætli einnig að vera aðstaða til að hita upp mat.
3. Leggja ætti til sorpilát með loki.
68. 1. Matsalir ættu að vera aðskildir frá hverjum þeim stað, þar sem áhrifa kann að gæta af eitrðum efnum.
2. Banna ætli að bera fatnað í matsölum, sem óhreinkast hefur af skaðlegum efnum.

## XIX. Hvíldarherbergi.

69. 1. Þar sem aðskilin aðstaða er ekki fyrir hendi handa starfsfólki til þess að taka sér stutta hvíld í vinnutímanum, ætli að láta í té afnot af hvíldarherbergi, þar sem slíkt er æskilegt, og skal þá taka tillit til eðlis vinnunnar og sérhverra annarra aðstæðna og skilyrða. Einkum og sér í lagi ætti að láta í té afnot af hvíldarherbergjum, til þess að mæta þörfum kvenna, sem vinnu stunda; þörfum starfsmanna, sem gegna sérstæðum, örðugum eða þreytandi störfum, er krefjast hvíldar meðan á vinnunni stendur, eða starfsmanna, sem gegna störfum í ósamfelldum vöktum.

2. Þar sem slíkt á við, ættu lög og reglugerðir að fela í sér ákvæði, sem heimila hlutaðeigandi stjórnvöldum að krefjast þess að látin séu í té afnot af hvíldarherbergjum í þeim tilvikum, þar sem slíkt er talið æskilegt að álitu hlutaðeigandi stjórnvalda sökum aðstaðna og skilyrða við vinnuna.
70. Aðbúnaður sá, sem þannig er látinn í té, ætti að taka til eftirfarandi:
  - a. herbergis, þar sem aðstaða er veitt í samræmi við veðurfar, til þess að draga úr óþægindum sökum kulda eða hita;
  - b. nægilegrar loftræslingar og lýsingar;
  - c. nægilegs fjölda hæfilegra sæta.

#### XX. Skipulagning og bygging.

71. Teikningar nýrra bygginga, sem hannaðar eru til afnota fyrir stofnanir, fyrirtæki og þjónusturekstur, eða deildir þeirra, og sem ákvæði þessarar tillögu taka til, svo og nýjar innréttingar hannaðar til slíkra nota í byggingum, sem fyrir eru og þar sem meiriháttar breytinga er þörf, ættu, svo sem frekast er unnt, að fylgja ákvæðum þessarar tillögu. Í tilvikum þar sem ákvæði laga og reglugerða gilda, ætti að leita samþykkis hlutaðeigandi stjórnvalda fyrir slíkum teikningum.
72. Einkum og sér í lagi ættu teikningar og uppdrættir að veita fullnægjandi upplýsingar um eftirfarandi atriði:
  - a. staðsetningu vinnustöðva, umferðarsvæði, útgöngudyr, hæði venjulegar og þær, sem nota ber í neyðartilvikum, og hreinlætisaðbúnað;
  - b. rýmd vinnustöðva og neyðarútganga, dyra og glugga, ásamt upplýsingum um hæð gluggasyllna;
  - c. gerð gólfa, veggja og lofta;
  - d. vélar og búnað, sem kann að gefa frá sér hita, gufu, gas, ryk, þef, birtu, hávaða eða titring í svo ríkjum mæli, að það kunni að hafa skaðleg áhrif á heilsu, öryggi og vellíðan starfsmanna, ásamt ráðstöfunum, sem fyrirhugaðar eru til þess að hamla gegn slíkum áhrifum;
  - e. gerð hitunar- og ljósabúnaðar;
  - f. hvers konar vélrænan loftræstibúnað;
  - g. hvers konar ráðstafanir til hljóð- og rakaeinangrunar, og til hitastillingar.
73. Hlutaðeigandi stjórnvöld ættu að veita sanngjarnan tímafrest til þess að framkvæma hvers konar breytingar, sem þau kunna að krefjast af hálfu stofnana, fyrirtækja eða þjónusturekstrar, eða deilda þeirra, sem þessi tillaga tekur til, þannig að þau uppfylli ákvæði hennar.
74. Eftir því sem unnt er ættu gólf að vera þannig gerð og þakin, og veggir, loft og búnaður þannig úr garði gerður, að ekki skapi áhættu fyrir heilsu manna.
75. Sjá ætti fyrir nægilegum leiðum til undankomu, og sjá svo um að þeim sé vel við haldið.

#### XXI. Ráðstafanir gegn útbreiðslu sjúkdóma.

76. 1. Gera ætti ráðstafanir til þess að koma í veg fyrir útbreiðslu smitandi sjúkdóma meðal þeirra, sem störfum gegna innan hvers konar stofnana, fyrirtækja eða þjónusturekstrar, eða deilda innan þeirra, og sem tillaga þessi tekur til, svo og milli starfsmanna og almennings.
2. Slíkar ráðstafanir ættu einkum og sér í lagi að vera fólgnar í eftirfarandi:
  - a. sameiginlegum og einstaklingsbundnum læknisvörnum, þar með talin vörn gegn næmum sjúkdómum og aðgerðir gegn skordýrum, nagdýrum og öðrum skaðlegum dýrum;
  - b. aðgerðum, sem fólgnar eru í læknisfræðilegu eftirliti.



## XXII. Fræðsla um heilbrigðisráðstafanir.

77. Gera ætti ráðstafanir til þess að veita vinnuþegum og vinnuveitendum nauðsynlegan undirstöðuskilning og þekkingu á þeim heilbrigðisráðstöfunum, sem starfsmenn kunna að þurfa að viðhafa meðan á vinnu þeirra stendur.
78. 1. Einkum og sér í lagi ætti að veita starfsmönnum upplýsingar um eftirfarandi atriði:
- a. hættu þá, sem heilsu þeirra kann að stafa af hvers konar skaðlegum efnum, sem þeir kunna að þurfa að meðhöndla eða nota, jafnvel þótt þessi efni séu lítið noluð í hlutaðeigandi stofnun;
  - b. nauðsyn þess að hagnýta vel búnað þann og tæki, sem látinn er í té til verndar heilbrigði þeirra.
2. Ef eigi reynist unnt að veita fullnægjandi upplýsingar um heilbrigðisráðstafanir á tungu, sem starfsmennirnir skilja, þá ætti að minnsta kosti að fræða þá um mikilvæg hugtök, skilgreiningar og tákni.

## XXIII. Samvinna á sviði heilbrigðismála.

79. 1. Hlutaðeigandi stjórnvöld, vinnuveitendur og vinnuþegar ættu að stofna til gagnkvæmrar samvinnu í þeim tilgangi að tryggja framkvæmd heilbrigðisráðstafana í sambandi við störf þeirra.
2. Þegar hlutaðeigandi stjórnvöld veita ákvæðum þessarar tillögu gildi, ættu þau að hafa samráð við þau samtök vinnuveitenda og vinnuþega, sem hlut eiga að máli, eða, þar sem þau eru eigi til, við fulltrúa þeirra vinnuveitenda og vinnuþega, sem hlut eiga að máli.
80. 1. Hlutaðeigandi stjórnvöld ættu að hvetja til athugana á hvers konar ráðstöfunum, sem miða að því að tryggja heilbrigði vinnuþega í sambandi við störf þeirra, og ef nauðsyn krefur ættu þau sjálf að efna til slíkra athugana.
2. Hlutaðeigandi stjórnvöld ættu að sjá um viðtæka dreifingu á upplýsingagögnum varðandi leiðir til þess að tryggja heilbrigði vinnuþega í sambandi við störf þeirra.
3. Hlutaðeigandi stjórnvöld ættu að láta í té ítarlegar upplýsingar og ráðleggingar um hvert það efni, sem fjallað er um í tillögu þessari.
81. 1. Í stofnunum, fyrirtækjum eða þjónusturekstri, eða einstökum deildum þeirra, ætti að tilnefna að minnsta kosti einn fulltrúa eða starfsmann, sem hefur með höndum stjórn heilbrigðismála, ef hlutaðeigandi yfirvöld telja slíkt æskilegt með tilliti til þeirrar hugsanlegu áhættu, sem um getur verið að ræða.
2. Starfsmenn þeir eða fulltrúar, sem hafa á hendi stjórn heilbrigðisráðstafana, ættu að eiga nána samvinnu við vinnuveitendur og vinnuþega um útrýmingu allrar hættu, sem steðjar að heilbrigði starfsmanna, og í þessu sambandi ættu þeir sérstaklega að hafa náð samband við fulltrúa vinnuveitenda og vinnuþega.
3. Í þeim stofnunum, fyrirtækjum eða þjónusturekstri, þar sem hlutaðeigandi stjórnvöld telja það æskilegt, með tilliti til þeirrar hugsanlegu hættu, sem um getur verið að ræða, ætti að koma á fót nefndum, sem fjalla um heilbrigðisráðsáfanir.
4. Nefndir þær, sem fjalla um heilbrigðisráðstafanir, ættu einkum og sér í lagi að stefna að útrýmingu allrar hættu, sem að heilbrigði starfsmanna kann að steðja.
82. Hlutaðeigandi stjórnvöld, í samvinnu við þá vinnuveitendur og vinnuþega, sem hlut eiga að máli, eða hlutaðeigandi samtök þeirra, ættu að framkvæma athuganir, sem beinast að því að safna upplýsingum varðandi atvinnusjúkdóma og fullkomnar ráðstafanir til þess að útrýma þeim aðstæðum og orsökum, sem kunna að vera valdar að þeim.

## XXIV. Framkvæmd.

83. Gera ætti viðeigandi ráðstafanir, með nægilegu eftirliti, eða á annan hátt, til þess að tryggja rétta framkvæmd þeirra laga, reglugerða eða annarra ákvæða, sem gilda eiga um heilbrigðisráðstafanir.
84. Þar sem slíkt á við um þann hátt, sem á er hafður til þess að veita tillögu þessari gildi, ætti að gera nauðsynlegar ráðstafanir með beilingu refsíákvæða til að tryggja framkvæmd þeirra ákvæða, sem í henni felast.

Fylgiskjal VII.

## Tillaga (nr. 121) um bætur vegna slysa við vinnu.

Allsherjarþing Alþjóðavinnuáskrifstofnunarinnar, saman komið til 48. þingsetu sinnar í Genf hinn 17. dag júnímánaðar 1964, samkvæmt kvaðningu stjórnar Alþjóðavinnuáskrifstofunnar, hefur samþykkt ákveðnar tillögur varðandi bætur vegna slysa við vinnu og vegna atvinnusjúkdóma, en tillögur þessar voru 5. mál á dagskrá þingsins, og þar eð þingið hefur ákveðið að samþykkt verði tillaga hér að lútandi, samþykkir þingið í dag, hinn 8. dag júlímánaðar 1964, eftirfarandi tillögu, er nefnist Tillaga um bætur vegna meiðsla við vinnu frá 1964:

1. Í tillögu þessari —
  - a. tekur orðið „löggjöf“ til sérhverra reglna varðandi almannatryggingar, sem og til laga og reglugerða þar að lútandi;
  - b. merkir orðið „tiltekinn“ að eitthvað sé ákveðið í lögum eða samkvæmt ákvæðum laga hlutaðeigandi ríkis;
  - c. tekur orðið „háður“ til þess ástands að einhver eða eitthvað sé háð öðru og gert er ráð fyrir að eigi sér stað í tilvikum, sem sérstaklega er mælt fyrir um.
2. Sérhvert aðildarríki ætti að fara út framkvæmd á löggjöf sinni varðandi bætur fyrir slysa við vinnu, í áföngum, ef nauðsynlegt er, þannig að hún taki einnig til þeirra flokka vinnuþega, sem samkvæmt ákvæðum 4. greinar, 2. málsg. Samþykktar um bætur vegna slysa við vinnu frá 1964 kunna að hafa verið undanskildir þeirri vernd, sem veilt er samkvæmt ákvæðum hennar.
3. 1. Sérhvert aðildarríki ætti, að tilskildum tilteknum skilyrðum, að tryggja eftirfarandi vinnuþegum bótagreiðslur vegna slysa við vinnu, eða svipaðar bætur, og ef nauðsyn krefur mætti slíkt framkvæma í áföngum og/eða fyrir tilstilli frjálsra trygginga:
  - a. meðlimum samvinnufélaga, sem stunda framleiðslu- eða þjónustustörf;
  - b. tilteknum flokkum einstaklinga, sem stunda eigin atvinnu, einkum þeim, sem eiga smáfyrirtæki eða bú og taka virkan þátt í rekstri þeirra;
  - c. vissum flokkum einstaklinga, sem vinnu stunda án þess að fá greidd laun, og ættu eftirfarandi flokkar að vera þar með taldir:
    - (i) einstaklingar, sem eru í þjálfun, eða ganga undir prófun í sambandi við ákveðnar atvinnugreinar eða störf, eða búa sig á annan hátt undir framtíðarstarfa sinn, þar með taldir nemar og námsmenn;
    - (ii) meðlimir samtaka sjálfbóðaliða, sem falinn er sá starfi að berjast gegn náttúruhamförum, vinna að björgun mannlífa og eigna eða starfa við að halda uppi lögum og reglu;
    - (iii) aðrir flokkar einstaklinga, sem ekki njóta verndar á annan hátt, og sinna störfum í þágu almennings eða borgaralegri þjónustu eða góðgerðarstörfum, svo sem þeir, er bjóða fram vinnu sína til opinberra embætta, í þágu félagslegrar þjónustu eða sjúkrahúsa;
    - (iv) fangar og aðrir, sem hnepptir hafa verið í varðhald og vinna störf, sem af þeim er krafizt eða samþykkt hafa verið af hlutaðeigandi stjórnvöldum.

2. Eigi ætti að nota fjártillög þau, sem ætluð eru til að standa straum af skyldu-tryggingum fyrir vinnuþega, til þess að sjá frjálstri tryggingarstarfsemi fyrir fjármagni í sambandi við trygginga þeirra flokka vinnuþega, sem taldir eru í málslið 1. í þessari grein.
4. Sérstakar tryggingaráætlanir, sem varða sjómenn, þar með taldir fiskimenn, og opinbera starfsmenn, ættu að veita bætur vegna slysa við vinnu, sem ekki eru óhagstæðari en þar, sem ráð er fyrir gert samkvæmt Samþykkt um bætur vegna slysa við vinnu frá 1964.
5. Sérhvert aðildarríki ætti, við tiltekin skilyrði, að telja eftirfarandi sem slys við vinnu:
- slys, hver sem orsök þeirra er, sem starfsmenn hafa orðið fyrir á eða í námunda við vinnustað, eða á hvaða stað sem er, þar sem starfsmaður hefði ekki verið nema vegna vinnu sinnar;
  - slys, sem starfsmenn hafa orðið fyrir innan þess tíma, sem sanngjarnt má teljast, fyrir og eftir vinnutíma, í sambandi við flutning, hreinsun, undirbúning, frágang, varðveislu, geymslu og þökkun á verkfærum eða fatnaði;
  - slys, sem starfsmenn hafa orðið fyrir meðan þeir eru á beinni leið milli vinnustaðar og ---
    - aðalheimilis eða aukahéimilis vinnuþega; eða
    - þess staðar, þar sem vinnuþegi neylir venjulega matar síns; eða
    - þess staðar, þar sem hann tekur venjulega við launum sínum.
6. 1. Sérhvert aðildarríki ætti, við tiltekin skilyrði, að líta svo á að sjúkdómar, sem vitað er að orsakast af völdum þess að starfsmenn eru í námunda við hættulegt efni, eða þurfa að starfa við framleiðsluaðferðir, í iðngreinum eða starfsgreinum, þar sem skilyrði eru hættuleg, séu taldir til atvinnu-sjúkdóma.
2. Nema hið gagnstæða þyki sannað ætti að líta svo á að slíkir sjúkdómar eigi sér upptök í starfi því, sem vinnuþegi stundar, þegar ---
- hann hefur orðið fyrir slíkum áhrifum um tiltekið tímabil, að minnsta kosti; og
  - fram hafa komið hjá honum sjúkdómseinkenni innan tiltekins tímabils eftir að hann hætti síðast störfum, þar sem hann varð fyrir slíkum áhrifum.
3. Þegar gerð er skrá yfir atvinnusjúkdóma og hún endurnýjuð, ættu aðildarríki að gefa sérstakan gaun að hverri þeirri skrá yfir atvinnusjúkdóma, sem stjórn Alþjóðavinnuumálaskrifstofunnar kann að samþykkja öðru hverju.
7. Þar sem í lögum er til skrá, þar sem staðfest er að vissir sjúkdómar eigi upptök sín að rekja til ákveðinna vinnuskilyrða, ætti að taka gíldar sannanir um svipuð upptök annarra sjúkdóma, sem ekki eru á slíkri skrá, svo og sannanir um upptök sjúkdóma, sem skráðir eru, þegar þeir hafa átt sér stað við skilyrði, sem eru önnur en þau, er eiga við um sjúkdóma, sem staðfest er að eigi upptök sín að rekja til ákveðinna vinnuskilyrða.
8. Fébætur vegna vanhæfi til að stunda vinnu ætti að greiða frá og með fyrsta degi, sem viðkomandi hættir að geta aflað sér tekna.
9. Upphæð fébóta vegna vanhæfi til að stunda vinnu um stundarsakir, eða í fyrsta skipti, eða vegna algjörs missis á hæfni til tekjuöflunar, sem búast má við að sé til frambúðar, eða tilsvareandi missis starfsorku, ættu að vera sem hér segir:
- Fébætur ættu ekki að vera lægri en sem svarar tveim þriðju hlutum tekna þess, sem fyrir slysinu hefur orðið; að því tilskildu þó, að heimilt er að tillata hámarksupphæð þeirra bóta, eða tekna, sem til greina koma við útreikning bótanna; eða
  - þar sem slíkar fébætur eru greiddar samkvæmt ákveðnum taxta, ættu þær ekki að vera lægri en sem nemur tveim þriðju hlutum meðallauna þeirra,

- sem vinnu stunda í aðalatvinnugrein, þar sem stærstur fjöldi starfandi karl-  
manna nýtur atvinnu.
10. 1. Fébætur, sem greiddar eru vegna missis á hæfni til tekjuöflunar, sem líkur  
eru til að vari til frambúðar, eða tilsvarendi missis starfsorku, ætti að greiða  
með hlutagreiðslum á vissum tímum svo lengi, sem sá missir varir, og skal  
það eiga við um öll tilfelli, þar sem sá missir nemur að minnsta kosti 25 af  
hundraði fullrar starfsorku.
  2. Í þeim tilvikum, þar sem missir hæfni til tekjuöflunar, sem líklegt er að  
vari til frambúðar, eða tilsvarendi missis starfsorku, nemur minnu en 25 af  
hundraði, skal mega greiða bætur í einni heildarupphæð í stað hlutagreiðslu  
á vissum tímum. Slík heildargreiðsla ætti að vera í sanngjörnu hlutfalli við  
hlutagreiðslur, og ætti ekki að vera lægri en þær samanlagðar hlutagreiðslur,  
sem í gjalddaga myndu falla á þriggja ára tímabili.
  11. Kveða ætti á um ráðstafanir til þess að bera sanngjarnan hluta þess kostnaðar,  
sem leiðir af stöðugri aðstoð eða umönnun af hálfu annars einstaklings í til-  
vikum þar sem sá, er fyrir slysi hefur orðið, þarfnast slíkrar þjónustu; að  
öðrum kosti ætti að hækka hlutagreiðsluna annað hvort um tilgreindan hundraðs-  
hluta eða tilgreinda upphæð.
  12. Þegar slys við vinnu hafa það í för með sér að viðkomandi getur ekki fengið  
atvinnu, eða þau valda líkamslýtum, og slíkt er ekki tekið fyllilega til greina  
við mat þess missis, sem hinn slasaði hefur orðið fyrir, ætti að veita auka-  
bætur eða sérslakar bætur.
  13. Þegar hlutagreiðslur, sem inntar eru af hendi á vissum tímum til eftirlifandi  
maka og barna nema minnu en hámarksupphæðum þeim, sem tilgreindar eru,  
þá ætti að inna hlutagreiðslur af hendi til eftirtalinna flokka einstaklinga, ef  
þeir hafa verið háðir hinum látna með framfæri sitt:
    - a. foreldra;
    - b. bræðra eða systra;
    - c. barnabarna.
  14. Þegar tilgreint er hámark þeirra heildarþóta, sem greiða má öllum eftirlifendum,  
þá ætti slíkt hámark ekki að nema lægri upphæð en sem svarar til þeirra þóta,  
er greiddar verða vegna algjörs missis á hæfni til tekjuöflunar, sem líklegt er  
að vari til frambúðar, eða tilsvarendi missis starfsorku.
  15. Þá taxta, sem nú eru í gildi um greiðslu bóta samkvæmt 2. og 3. málsg. 14.  
greinar, og 1. málsg. 18. greinar Samþykktar um bætur vegna meiðsla við  
vinnu frá 1964, ætti að endurskoða með vissu millibili, og við slíka endurskoðun  
ætti að taka tillit til breytinga þeirra, sem átt hafa sér stað á almennum tekjum  
eða framfærslukostnaði.

#### Fylgiskjal VIII.

##### Tillaga (nr. 122) um stefnu í atvinnumálum.

Allsherjarþing Alþjóðavinnumálastofnunarinnar, saman komið til 48. þingsetu  
sinnar í Genf hinn 17. dag júnímánaðar 1964, samkvæmt kvaðningu stjórnar Al-  
þjóðavinnumálastofnunarinnar, vísar til þess að Philadelphíuyfirlýsingin viðurkennir  
þá ótvíræðu skyldu Alþjóðavinnumálastofnunarinnar að efla starfsemi þá og við-  
leitni meðal þjóða heimsins, sem miðar að því að tryggja öllum mönnum nægjan-  
lega atvinnu og bæta lífskjör fólks. Þá vísar þingið og til þess að inngangur að stofn-  
skrá Alþjóðavinnumálastofnunarinnar felur í sér ákvæði, sem ganga í þá átt, að  
komið verði í veg fyrir atvinnuleysi og að tryggð verði laun til hæfilegrar lífsafkomu.

Þá vísar þingið til þess að samkvæmt ákvæðum Philadelphíu-yfirlýsingarinnar  
er það citt af verkefnum Alþjóðavinnumálastofnunarinnar að rannsaka og íhuga

hver áhrif stefna í efnahags- og fjármálum hefur á stefnu í atvinnumálum í ljósi þess grundvallarmarkmiðs að „allir menn, án tillits til kynþáttar, trúar eða kyns, eiga rétt til þess að efla efnahagslega velmegun sína og andlegan þroska við aðstæður frelsis og virðingar, efnahagslegs öryggis og jafnra tækifæri til handa öllum.“

Enn fremur vísar þingið til þess að alþjóðlega mannréttindayfirlýsingin kveður svo á, að „allir menn skuli eiga rétt á að stunda vinnu, til að ráða því hvaða starf þeir taka sér fyrir hendur, að þeir skuli eiga rétt á að starfa við réttlátar og hagstæðar aðstæður og að þeir eigi rétt á vernd gegn atvinnuleysi.“

Þingið bendir á að ákvæði gildandi samþykktar og tillagna Alþjóðavinnuálagstofnunarinnar hafa bein áhrif á stefnu í atvinnumálum, sérstaklega ákvæði Samþykktar og Tillögu um vinnumiðlun frá 1948, Tillögu um starfsfræðslu frá 1949, Tillögu um iðnfræðslu frá 1962 og Samþykktar og Tillögu frá 1958 varðandi mismunun í atvinnu og starfi.

Lítur þingið svo á að þessar samþykktir og tillögur ætti að notfæra sem lið í umfangsmeiri alþjóðlegri áætlun um aukinn hagvöxt á grundvelli nægrar og arðbærrar atvinnu, eftir frjálsu vali.

Því hefur þingið ákveðið að fallast á tilteknar ábendingar varðandi stefnu í atvinnumálum, sem er 8. mál á dagskrá þingsins, og þar eð þingið hefur jafnframt ákveðið að þessar ábendingar skuli færðar í form tillögu, samþykkir þingið í dag, hinn 9. júlí 1964 eftirfarandi tillögu, sem nefnist Tillaga um stefnu í atvinnumálum, 1964:

### I. Markmið stefnunnar í atvinnumálum.

1. Í þeim tilgangi að efla hagvöxt og efnahagsþróun, bæta lífskjör, uppfylla þörfina fyrir vinnuafli og vinna bug á þeim vandamálum, sem stafa af atvinnuleysi og of lítilli atvinnu, ætti sérhverri aðildarríki að lýsa því yfir sem meginmarkmiði að framfylgja virkri stefnu, er miði að því að veita öllum næga, arðbæra atvinnu eftir frjálsu vali.
2. Fyrirgreind stefna ætti að miða að því að tryggja
  - a. atvinnu handa öllum þeim, sem eftir henni leita,
  - b. að slík atvinna sé eins arðbær og mögulegt er,
  - c. frelsi í vinnuvali og jafnframt að sérhver starfsmaður hafi sem viðtækust tækifæri til þess að afla sér þjálfunar og sérmenntunar og til þess að nota hæfni sína og gáfur við þau störf, sem honum henta vel, án tillits til kynþáttar, litarháttar, kyns, trúar, stjórnmálaskoðunar og þjóðernislegs eða félagslegs uppruna.
3. Fyrir greind stefna ætti að miðast við það stig efnahagsþróunar, sem fyrir hendi er og það gagnkvæma samband, er ríkir milli stefnunnar í atvinnumálum, annars vegar, og stefnunnar í efnahags- og félagsmálum, hins vegar. Einnig ætti að haga framkvæmd hennar á þann veg, sem samræmist aðstæðum og venjum í hverju einstöku landi.

### II. Almennar meginreglur stefnunnar í atvinnumálum.

2. Markmið stefnunnar í atvinnumálum ætti að skilgreina á skýran og augljósan hátt, og þá skilgreiningu ætti að birta öllum almenningi. Hvenær sem unnt er ætti slíkt að gera á þann hátt, að getið sé um það magn og þær stærðir, sem miðað er að því að ná í hagvexti og atvinnuháttum.
3. Þegar tekin er ákvörðun um þá stefnu, sem fylgt skal um þróun og nýtingu vinnuafli, ætti að hafa samráð við fulltrúa vinnuveitenda og vinnuþega og samtök þeirra, og leita ætti eftir samvinnu við þá um framkvæmd slíkrar stefnu, í samræmi við anda Tillögu um samráð og samvinnu innan atvinnuveganna frá 1960.

4. 1. Stefnan í atvinnumálum ætti að byggjast á nákvæmum athugunum á stærð og dreifingu vinnuafslins, svo og á umfangi og dreifingu atvinnunnar, atvinnuleysis og of lítillar atvinnu, bæði nú og í framtíðinni.
2. Veita ætti nægileg úrráð til söfnunar tölfræðilegum heimildum, undirbúnings rannsókna og dreifingar á niðurstöðum þeirra.
5. 1. Sérhvert aðildarríki ætti að viðurkenna mikilvægi þess að efla framleiðslu- bættina og fullnýta vinnuaflið, til dæmis fyrir tilstilli aukinnar menntunar, starfsfræðslu og starfsþjálfunar, heilbrigðisþjónustu og byggingu íbúða, og ætti það jafnframt að leitast við að koma á og viðhalda hæfilegu jafnvægi í fjárveitingum til slíkra framkvæmda.
2. Sérhvert aðildarríki ætti að gera nauðsynlegar ráðstafanir til þess að aðstoða vinnuþega, þar með talið ungt fólk og aðrir, sem nýlega hafa hafið störf, til þess að finna sér hæfilegt og arðbært starf og til að laga sig að breytilegum þörfum efnahagslífsins.
3. Við framkvæmd ákvæða þessarar greinar ætti að taka sérstakt tillit til ákvæða Tillögu um starfsfræðslu frá 1949, Tillögu um iðnfræðslu frá 1962 og Samþykktar og Tillögu um vinnumiðlun frá 1948.
6. 1. Stefnuna í atvinnumálum ætti að framkvæma í samræmi við og innan þeirra takmarka, sem allsherjarstefna í efnahags- og félagsmálum segir til um, þar með talin áætlanagerð á sviði efnahagsmála, í þeim löndum, þar sem hún tíðkast.
2. Sérhvert aðildarríki ætti, í samráði við og með því að taka fullt tillit til sjálfsforræðis og ábyrgðar vinnuveitenda og vinnuþega og samtaka þeirra á sumum þeim landssvæðum, sem hlut eiga að máli, að rannsaka sambandið milli ráðstafana á sviði stefnunnar í atvinnumálum og annarra meiriháttar ákvarðana á sviði stefnunnar í efnahags- og félagsmálum í því augnamiði að þar geti verið um gagnkvæman stuðning að ræða.
7. 1. Nú vill svo til að einstaklingar bjóða sig fram og leita eftir vinnu, sem ekki er húizt við að unnt verði að sjá þeim fyrir innan hæfilegs tíma, þá ætti ríkisstjórnin að rannsaka og gera grein fyrir því með opinberri yfirlýsingu hvernig hún hyggst fullnægja þörfum þeirra fyrir vinnu.
2. Sérhvert aðildarríki ætti, að svo miklu leyti, sem aðgengilegar auðlindir þess og efnahagsþróun leyfir, og með tilliti til alþjóðlegra staðla á sviði félagslegs öryggis og þeirra ákvæða, sem felast í 5. grein þessarar tillögu, að gripa til ráðstafana til þess að veita þeim einstaklingum, sem búa við atvinnuleysi eða of litla atvinnu á öllum tímum atvinnuleysis, aðstoð við að sjá sér og þeim, sem eru á þeirra framfæri, fyrir grundvallarþörfum og jafnframt aðstoða þá við að laga sig að öðrum nytsömum störfum, sem fyrir hendi kunna að vera.

### III. Almennar og sérstakar ráðstafanir varðandi stefnu í atvinnumálum.

#### *Almenn atriði.*

8. Vandkvæði á sviði atvinnamála, sem eiga rætur sínar að rekja til sveiflna í efnahagslífinu, grundvallarbreytinga og sérstaklega til ónógrar efnahagslegrar þróunar, ætti að reyna að leysa á eftirfarandi hátt:
  - a. með almennum ráðstöfunum, er lúta að stefnunni í efnahagsmálum, og
  - b. með sérstökum ráðstöfunum, sem hafa beina þýðingu fyrir einstaka starfsmenn eða flokka starfsmanna.
9. Ákvörðun um framkvæmd hæfilegra ráðstafana, og hvenær til þeirra er gripið ætti að byggjast á nákvæmri athugun á orsökum atvinnuleysis, þannig að úrsé sé að greina í hverju það er fólgið og hvers eðlis það er.

*Almennar ráðstafanir: til frambúðar.*

10. Almennar efnahagsráðstafanir ættu að miða að því að efla stöðugt vaxandi efnahagslíf, sem býr við stöðugleika að því marki, sem sanngjarn getur talizt, þannig að skapazl geti sem bezt skilyrði fyrir því að sérstakar ráðstafanir á sviði atvinnu- mála verði sem árangursríkastar.

*Almennar ráðstafanir: til bráðabirgða.*

11. 1. Gera ætti áætlun um og grípa til ráðstafana til bráðabirgða, þannig að unnt sé að koma í veg fyrir að atvinnuleysi skapist, eða að of lítið verði um atvinnu, sökum ónógrar efnahagsþróunar, og sömuleiðis til þess að veða upp á móti þeirri verðbólgu, sem skapast af þeim sökum, að ekki ríkir nægilega mikið jafnvægi á vinnumarkaðnum. Þegar slíkar aðstæður eru fyrir hendi, eða hættu er á að þær skapist, ætti að gera ráðstafanir til þess að auka, eða, ef slíkt þykir hæfa, draga úr einkaneyzlu, einkafjárfestingu og opinberum útgjöldum, hvort sem er vegna rekstrar- eða stofnkostnaðar.
2. Með tilliti til þess hve mikilvægt það er að gripið sé til gagnráðstafana á réttum tíma, hvort sem þeim er beint gegn efnahagslegri afturför, verðbólgu eða öðru jafnvægisleysi, ættu ríkisstjórnir, í samræmi við stjórnarskrárákvæði, að hafa vald til þess að heimila slíkar ráðstafanir, eða breytingar á þeim, með sluttum fyrirvara.

*Sérstakar ráðstafanir.*

12. Undirbúa ætti og grípa til ráðstafana til þess að draga úr árstíðabundnum sveiflum í atvinnumálum. Einkum og sér í lagi ætti að gera hæfilegar ráðstafanir til að dreifa og jafna niður á allt árið eftirspurninni eftir framleiðslu og þjónustu þeirra, sem stunda árstíðabundin störf, eða ella sjá slíkum starfsmönnum fyrir auka- störfum, sem bæta þeim þetta upp.
13. 1. Undirbúa ætli og gera ráðstafanir til þess að koma í veg fyrir að komið geti til atvinnuleysis, eða of lítills framboðs á vinnu, sökum grundvallarbreytinga, og ættu þessar ráðstafanir að auðvelda og efla aðlögun framleiðslu og atvinnu- háttu að slíkum breytingum.
2. Hvað við kemur tilgangi þessarar tillögu merkir hugtakið „grundvallarbreyting“ verulega breytingu til langframa, sem felur í sér breytta eftirspurn, tilkomu nýs framboðs, hvort sem það er innlent eða útlent (þar með talið framboð á vörum frá löndum, þar sem lægri er framleiðslukostnaður), eða tilkomu nýrrar framleiðslutækni, eða breytinga á vinnuaflinu.
3. Ráðstafanir til aðlögunar af völdum grundvallarbreytinga ættu að hafa tvennan tilgang, sem hér segir:
- a. að hafa sem mestan hag af framförum á sviði tækni og efnahagsmála;
  - b. að vernda einstaklinga og hópa, sem hafa orðið fyrir áhrifum með atvinnu sína af völdum grundvallarbreytinga, fyrir fjárhagslegum skaða, eða öðrum skaða.
14. 1. Í þessu skyni, og til þess að forðast framleiðslutap sökum tafa við að ráða fólk til tiltekinna starfa, ættu aðildarríki að koma á fót hjá sér starfsemi, sem beinist að því að veita starfsfólki aðstoð við að finna ný störf og laga sig að þeim. Ættu aðildarríki einnig að sjá slíkri starfsemi fyrir nægilegum fjárveitingum.
2. Slík starfsemi ætti að taka til —
- a. reksturs virkrar vinnumiðlunar, og í því sambandi ætti að hafa í huga ákvæði Samþykkiar og Tillögu um vinnumiðlun frá 1948;
  - b. stofnunar eða eflingar aðstöðu til þjálfunar eða endurþjálfunar, sem miðar að því að gera starfsfólki kleift að afla sér þeirrar hæfni, sem þarf til þess

- að geta tekizt á hendur varanleg störf í vaxandi atvinnugreinum, og skulu þá höfð í huga ákvæði Tillögu um iðnfræðslu frá 1962;
- c. samhæfingar stefnunnar í húsnæðismálum og atvinnumálum, með því að leggja til nægilegt húsnæði og sjá fyrir öðrum félagslegum þörfum á þeim stöðum, þar sem vinnuafli er þörf, auk þess sem vinnuveitendur eða opinberir aðilar ættu að veita vinnuþegum styrk til þess að flytja sig og fjölskyldur sínar á milli staða.
15. Sérstaka áherzlu ætti að leggja á ráðstafanir, sem miða að því að vinna bug á því alvarlega vandamáli, er skapast af atvinnuleysi meðal ungs fólks, en það fer vaxandi í sumum löndum. Við framkvæmd þeirra ráðstafana, sem gert er ráð fyrir samkvæmt ákvæðum Samþykktar og Tillögu um vinnumiðlun frá 1948. Tillögu um starfsfræðslu frá 1949 og Tillögu um iðnfræðslu frá 1962, ætti að taka fullt tillit til grundvallarbreytinga og í hvaða átt þær beinast, þannig að unnt sé að tryggja það að þróun og nýting á starfshæfni ungs fólks fari eftir breytilegum þörfum atvinnulífsins.
  16. Leitast ætti við að uppfylla sérstakar þarfir þeirra, sem mætt hafa sérstökum erfiðleikum sökum grundvallarbreytinga, eða af öðrum ástæðum, svo sem aldradra starfsmanna, óvinnufærra starfsmanna og annarra, sem kunna að eiga sérstaklega erfill með að breyta um búsetu eða starf.
  17. Gefa ætti sérstakan gaum að þörfum þeirra héraða, sem dregizt hafa aftur úr, fyrir vinnuafli og tekjuöflun, svo og þeirra landssvæða, þar sem grundvallarbreytingar hafa áhrif á stóran fjölda vinnandi fólks, með það fyrir augum að skapa aukið jafnvægi í efnahagsmálum landsins í heild, og tryggja þannig arðbæra nýtingu allra auðlinda þess.
  18. 1. Þegar sérstaklega viðtækar grundvallarbreytingar eiga sér stað getur reynzt nauðsynlegt að fylgja þeim ráðstöfunum, sem ráð er fyrir gert samkvæmt 13. til 17. gr. þessarar Tillögu eftir með öðrum ráðstöfunum, sem beinast að því að komið verði í veg fyrir skyndilegar og viðfeðmar truflanir, og að þær dreifist yfir hæfilega langt tímabil.
  2. Þegar svo ber til ættu ríkisstjórnirnar, í samráði við alla þá, sem hlut eiga að máli, að taka ákvörðun um það í tæka tíð hvaða sérstök bráðabirgðaúræði séu bezt fallin til þess að auðvelda þeim atvinnugreinum, sem orðið hafa fyrir áhrifum grundvallarbreytinga, að laga sig að nýjum aðstæðum, og ættu ríkisstjórnirnar að haga ráðstöfunum sínum í samræmi við það.
  19. Koma ætti á fót hæfilegri þjónustustarfsemi, sem miði að því að auðvelda framleiðslu- og atvinnugreinum að laga sig að grundvallarbreytingum, og ætti hlutverk og starfssvið slíkrar þjónustu að vera skírt afmarkað að því er tekur til þeirra atriða, sem kveðið er á um í 13. og 18. grein þessarar tillögu.
  20. 1. Við mótun stefnunnar í atvinnumálum, ætti að taka tillit til þeirrar almennu reynslu, að tæknilegar framfarir og aukin framleiðni hafa skapað aukna möguleika til tómsundaiðju og menntunar.
  2. Leggja ætti stund á að nýta slíka möguleika með þeim ráðum, sem hæfa venjum og aðstæðum í landinu og í hverri atvinnugrein. Gætu þau verið fölgin í því, sem hér greinir:
    - a. fækkun vinnustunda, án tilsvarendi lækkunar á launum, innan þeirra takmarka, sem ákvæði Tillögu um fækkun vinnustunda frá 1962 segir til um;
    - b. fjölgun frídaga með fullum launum;
    - c. að starfsmenn hefji almenn vinnu síðar á ævinni, samfara aukinni menntun og starfsþjálfun.



#### IV. Vandamál á sviði atvinnumála sökum ónógrar efnahagslegrar þróunar.

##### *Stefna í fjárfestingar- og launamálum.*

21. Í þróunarlöndum ætti stefnan í atvinnumálum að vera óhjákvæmilegur þáttur í stefnu, sem beinist að því að auka þjóðartekjur og sanngjarna hlutdeild í þeim.
22. Í þeim tilgangi að auka framleiðslu, fjárfestingu og atvinnu sem skjótast, ættu aðildarríkin að leita eftir álit og virkri þátttöku vinnuveitenda og vinnuþega, og samtaka þeirra, við undirbúning og framkvæmd almennrar stefnu í efnahagsþróunarmálum og hinna ýmsu þátta stefnunnar í félagsmálum, í samræmi við ákvæði Tillögu um samvinnu innan atvinnugreina í landinu sem heild frá 1960.
23. 1. Í þeim löndum, þar sem skortur á atvinnumöguleikum stendur í beinu sambandi við fjármagnsskort, ætti að grípa til allra viðeigandi ráða til þess að auka sparifjármýndun og hvetja til aðstreymis fjármagns frá öðrum löndum og frá alþjóðastofnunum, í því skyni að auka arðbæra fjárfestingu, án þess að skerða fullveldi eða efnahagslegt sjálfstæði þess lands, sem við slíku tekur.
2. Í því skyni að nýta á sem hagkvæmastan hátt þær auðlindir, sem þessum löndum eru tiltækar, og efla atvinnumöguleika innan þeirra, svo sem tók eru á, væri æskilegt að þau samræmdu fjárfestingu sína og aðrar efnahagsaðgerðir við svipaðar aðgerðir annarra landa, einkum þeirra, sem eru á sömu landssvæðum.

##### *Aukning atvinnu á sviði iðnaðar.*

24. 1. Aðildarríkin ættu sérstaklega að hafa hugfast að mestu máli skiptir að koma á fót iðnaði, hvort sem hann er rekinn af einkafyrirtækjum eða opinberum aðilum, sem byggist á tiltæku hráefni og orku, samsvarar breytilegri eftirspurn markaðsins hæði innanlands og utan, og færir sér í nyt nýtizku tækni og rannsóknir, með það fyrir augum að skapa aukna atvinnumöguleika til langframa.
2. Aðildarríkin ættu að gera allt, sem í þeirra valdi stendur, til þess að ná því stigi iðnþróunar, innan lakmarka þess þjóðarbúskapar, sem jafnvægis nýtur, að það tryggi sem mesta framleiðslu fullunnar vöru með því að nota það vinnuafli, sem fyrir hendi er í landinu.
3. Gefa ælti sérstakan gaum að ráðstöfunum, sem stuðla að hagkvæmri og ódýrri framleiðslu, fjölbreytni í atvinnuháttum og jafnvægi í efnahagslegri þróun innan tiltekinnna landssvæða.
25. Auk þess að efla nýtizku iðnþróun, ættu aðildarríkin, þó með hliðsjón af tæknilegum þörfum, að athuga möguleikana á því að auka atvinnu með því —
  - a. að auka framleiðslu á vörum, svo og að auka þjónustu, sem krefst mikils vinnuafli;
  - b. að nýta í auknum mæli þá tækni, sem veitir meiri atvinnu, þegar aðstæður eru þannig að slíkt leiðir til betri hagnýtingar á þeim auðlindum, sem fyrir hendi eru.
26. Gera ætli ráðstafanir —
  - a. til þess að auka hagnýtingu á framleiðslugetu þess iðnaðar, sem fyrir hendi er, að því marki sem samræmist þörfum markaðarins, bæði innanlands og til útflutnings, til dæmis með því að láta vinna meira í vöktum en áður, og skal þá tekið fullt tillit til ákvæða varðandi aukin friðindi til handa þeim starfsmönnum, sem á vöktum vinna, og nauðsynjarinnar á því að þjálfa nægilegan fjölda starfsmanna, sem gegna áriðandi störfum, þannig að unnt sé að tryggja öruggan rekstur, þótt unnið sé í vöktum;
  - b. til þess að skapa handið og smáiðju, og veita slíkum rekstri aðstoð við að laga sig að tæknilegum framförum og breytingum á markaðsaðstæðum, þannig að hann geti veitt aukna atvinnu án þess að verða háður sérstökum verndar-

ráðstöfunum eða þarfnast sérréttinda, sem myndu draga úr almennum hagvexti. Með slíkt markmið í huga ætti að hvetja til stofnunar samvinnufélaga, og sömuleiðis ætti að leitast við að koma á slíku sambandi milli smáiðju og stóriðju, að þær geli veitt hvor annari gagnkvæman stuðning, jafnframt því sem leitast skal við að finna nýja markaði fyrir iðnaðarvörur.

*Efling atvinnu til sveita.*

27. 1. Þau ríki, sem eiga við að stríða mikið atvinnuleysi til sveita, ættu að leggja sérstaka áherzlu á framkvæmd viðtækrar áætlunar um aukningu atvinnu-  
möguleika í sveitum, með því að grípa til sérstakra ráðstafana á sviði tækni og skipulags. Slíka áætlun ætti að framkvæma innan ramma þeirrar heildarstefnu, sem mörkuð hefur verið í efnahagsmálum fyrir landið í heild, auk þess sem framkvæmd slíkrar áætlunar ætti, að svo miklu leyti sem unnt er, að byggjast á viðleitni þeirra, er hlut eiga að máli. Enn fremur ætti slík áætlun að grundvallast á nákvæmum athugunum á cðli slíks atvinnuleysis til sveita, hversu viðtækt það er og hvernig það dreifist á milli héraða.
2. Slík áætlun ætti sérstaklega að hafa það að markmiði að skapa félagslegar aðstæður, sem stuðla að bættri nýtingu vinnuaflsins á hverjum stað og auknum áhuga á efnahagslegri þróun til sveita, jafnframt því sem leitast verði við að auka framleiðni og bæta gæði framleiðslunnar. Með nægilegum rannsóknnum og tilraunaframkvæmdum ætti, eftir því sem unnt er, að finna leiðir til úrbóta, sem hæfa aðstæðum á hverjum stað.
3. Sérstaklega ætti að hafa í huga nauðsyn þess að auka atvinnu-  
möguleika á sviði jarðyrkju og húsdýraræktar.
4. Skipulagsbreytingar til eflingar arðbærum atvinnu-  
möguleikum í sveitum ættu að taka til umbóta í búnaðaháttum, eftir því sem þarfir í viðkomandi landi segja til um, þar með taldar jarðabætur og breyting á reglum um jarðnæði, umbætur á skattlagningu jarðeigna, aukning lánveitinga, þróun bæltrar aðstöðu til sölu á framleiðslu, og efling á starfssemi samvinnufélaga á sviði framleiðslu og sölu afurða.

*Fólksfjölgun.*

28. Lönd þau, þar sem fólksfjölgun er mjög ör, og einkum þar sem aukningin veldur efnahagslífinu þegar þungum byrðum, ættu að rannsaka hin efnahagslegu og félagslegu öfl, sem áhrif hafa á fólksfjölgunina, svo og dreifingu hennar, með það fyrir augum að marka stefnu í efnahags- og félagsmálum, sem skapar betra jafnvægi milli atvinnu-  
möguleika, annars vegar, og aukningar vinnuaflsins, hins vegar.

**V. Aðgerðir af hálfu vinnuveitenda og vinnuþega, og samtaka þeirra.**

29. 1. Vinnuveitendur og vinnuþegar, hvort heldur er innan einkaframtaksins eða af opinberri hálfu, svo og samtök þeirra, ættu að grípa til allra tiltækilegra ráða til þess að stuðla að og viðhalda nægilegri og arðbærri atvinnu handa öllum, eftir frjálsum vali.
2. Einkum og sér í lagi ættu þeir —
  - a. að hafa samráð hvor við annan, svo og við hlutaðeigandi stjórnvöld, eftir því sem hæfa þykir, vinnumiðlunarþjónustu eða svipaðar stofnanir, með eins miklum fyrirvara og unnt er, til þess að undirbúa ráðstafanir, sem hafa gagnkvæmt gildi fyrir báða aðila, og nauðsynlegar eru sökum breytinga, sem orðið hafa á vinnu-  
markaðnum;

- b. að kynna sér með athugunum hvert stefnir í efnahags- og atvinnumálum, og sömuleiðis hvert stefnir á sviði tæknilegra framfara, og gera síðan í tæka tíð tillögur, eftir því sem hæfilegt má teljast, til aðgerða bæði af hálfu opinberra fyrirtækja og einkafyrirtækja, sem stuðla að því að vernda atvinnuöryggi og atvinnuönguleika vinnuþega, eftir því sem almenningshéill leyfir;
  - c. að stuðla að auknum skilningi á þeim undirstöðuatríðum, sem efnahagslífið byggist á, ástæðunum fyrir breytingum á atvinnuönguleikum innan tiltekinnar starfsgreina, iðngreina eða landssvæða, og á nauðsyn þess að vinnuaflið sé hreyfanlegt, bæði að því er tekur til einstakra starfsgreina og af landfræðilegum ástæðum;
  - d. að leitast við að skapa andrúmsloft, sem geti orðið til þess að örva fjárfestingu, bæði af hálfu innlendra jafnt og erlendra aðila, er hafi jákvæð áhrif á hagvöxt landsins, án þess þó að hafa áhrif á sjálfsforræði þjóðarinnar, efnahagslegt sjálfstæði eða félagafrelsi;
  - e. að koma á eða leitast við að stofna til þjónustu til þjálfunar eða endurþjálfunar, og svipuðum ráðstöfunum til bættra kjara fyrir þá, sem hlut-eiga að máli;
  - f. að skapa þá stefnu í launa- og kjaramálum, svo og í verðlagsmálum, sem samræmist því markmiði, að jafnan sé næg atvinna handa öllum, að efla hagvöxt, bæta lífskjörin og viðhalda jafnvægi í peningamálum, án þess að þeim lögmaletu markmiðum, sem stefnt er að af hálfu vinnuveitenda og vinnuþega, og samtaka þeirra, sé stefnt í hættu; og
  - g. að virða meginreglu þá, sem lýtur að jöfnum tækifærum til að afla sér atvinnu, og meðferðar við vinnu og störf, og sé þá jafnframt tekið tillit til ákvæða þeirra, sem felast í Samþykkt og Tillögu um misrétti í atvinnu og starfsgreinum frá 1958.
3. Í samráði og samvinnu við samtök vinnuþega, eftir því sem við á, og/eða fulltrúa vinnuþega þeirra, sem hlut eiga að máli, og með því að taka tillit til efnahagslegra og félagslegra aðstæðna í landi því, sem hlut á að máli, ættu fyrirtæki að grípa til ráðstafana, er gætu komið í veg fyrir atvinnuleysi, orðið starfsmönnum til hjálpar við að finna aðra vinnu, aukið fjölda þeirra starfa, sem fyrir hendi eru, og dregið úr afleiðingum atvinnuleysis. Slíkar ráðstafanir gætu verið fólgnar í eftirfarandi:
- a. endurþjálfun starfsmanna, þannig að þeir geti tekið að sér önnur störf innan sama fyrirtækis;
  - b. tilflutningi starfsmanna innan fyrirtækisins;
  - c. vandlegri athugun á og ráðstöfunum til þess að yfirstiga þá örðugleika, sem kunna að vera á því að auka vaktavinnu;
  - d. sem allra lengstum uppsagnarfresti fyrir þá starfsmenn, sem eiga að leggja niður störf, og hæfilegum upplýsingum og tilkynningu til opinberra aðila, svo og tekjuvernd í einhverri mynd til handa þeim starfsmönnum, sem sagt hefur verið upp starfi, og skal þá tekið tillit til ákvæða þeirra, sem felast í Tillögu um uppsögn atvinnu frá 1963.

#### VI. Alþjóðlegar ráðstafanir til eflingar atvinnumálum.

- 30. Aðildarríkin ættu, ef til vill með aðstoð samtaka einstakra ríkisstjórna, eða alþjóðasamtaka, eftir því sem við á, að hafa samvinnu sín í milli um alþjóðlegar ráðstafanir til eflingar atvinnumálum, og sömuleiðis ættu þau við myndun sinnar eigin stefnu í efnahagsmálum að forðast ráðstafanir, sem hafa skaðleg áhrif á þróun atvinnumála og hið almenna efnahagslega jafnvægi í öðrum löndum, þar á meðal þróunarlöndunum.
- 31. Aðildarríkin ættu að styðja hvers konar viðleitni, sem heinist í þá átt að efla

4. Krefjast ætti þess af atvinnurekandanum að hann skýri ungmennum frá þeirri hættu á heilsutjóni, sem starfinu fylgir, bæði þegar þau eru ráðin í vinnu og þegar þeim eru fengin ákveðin slörf neðanjarðar. Sömuleiðis ætti hann að fræða þau um öryggisráðstafanir og öryggistæki og aðferðir við hjálp í viðlögum. Leiðbeiningar þessar ætti að endurtaka á hæfilegum fresti.
5. 1. Embættismenn, sem fara með öryggismál, öryggisfulltrúar, öryggis- og heilbrigðisnefndir og allir aðrir aðilar, sem fjalla um öryggi og heilbrigði þ. á m. öryggiseftirlit ríkisins ættu að gefa sérstakan gaum að ráðstöfunum, sem miða að því að vernda líf og heilbrigði ungmenna, sem vinna neðanjarðar í námum.
2. Slíkar ráðstafanir ættu að fela í sér sérstakar raunbæfar öryggisáætlanir fyrir hverja einstaka námu, sem taka til ---
  - a. aðgerða til að koma í veg fyrir hættur frá umhverfinu og endurbóta á aðstæðum;
  - b. viðeigandi aðstöðu til þjálfunar, eftirlits svo og rannsókna á slysum og varna gegn þeim;
  - c. þess, að á kostnað atvinnurekandans sé séð fyrir þeim hlífðarfatnaði og útbúnaði, sem nauðsynlegur er með tilliti til starfsins og aðstæðna við það og þau endurnýjuð eftir eðlilegt slit, enda sé ungmennum skylt að nota þennan fatnað og útbúnað; og
  - d. hvers konar annarra ráðstafana vegna öryggis og heilbrigði ungmenna.
6. Með það fyrir augum að viðhalda góðri heilsu ungmenna, sem vinna neðanjarðar í námum og stuðla að eðlilegum líkamlegum þroska þeirra, ætti að gera ráðstafanir, sem miða sérstaklega að því að ---
  - a. efla tómsundaíðju þar á meðal íþróttir;
  - b. sjá um að séð sé fyrir húningsherbergjum og steypuböðum, sem fullnægi viðurkenndum heilbrigðisákvæðum. Þar sem því verður við komið ætti að ætla ungmennum sérstök húningsherbergi og böð, aðskilin frá þeim, sem ætluð eru fullorðnum; og
  - c. sjá svo um, ef aðstæður krefja, að ungmenni eigi kost á því aukafæði og aðstöðu til neyzlu þess, sem gerir þeim kleift að hafa það mataræði, sem hæfir þroskastigi þeirra.

#### IV. Vikuleg hvíld og árlegt orlof.

7. Yngri menn en 18 ára, sem vinna neðanjarðar í námum, ættu að eiga rétt á samfelldri vikulegri hvíld, eigi skemmri en 36 stundir á hverju sjö daga tímabili.
8. Vikulegur hvíldartími ætti smám saman að lengjast þannig að hann yrði a. m. k. 48 stundir.
9. Hinn vikulegi hvíldartími ætti að taka yfir þann dag vikunnar, sem er hvíldardagur samkvæmt venju í hlutaðeigandi ríki eða landshluta.
10. Yngri menn en 18 ára, sem starfa neðanjarðar í námum ættu ekki að vinna neins konar vinnu á hinum vikulega hvíldartíma.
11. 1. Yngri menn en 18 ára, sem vinna neðanjarðar í námum ættu að fá árlegt orlof á kaupí, sem eigi sé skemmra en 24 virkir dagar (samsvarandi fjórum vinnuvikum) fyrir 12 mánaða vinnu.
2. Almennir og hefðbundnir fridagar og fjarvistir vegna veikinda skal ekki talið með í orlofi.
12. 1. Krefjast ætti þess að atvinnurekandi hefðu skrá um þá, sem vinna neðanjarðar og eru undir 18 ára aldri. Ættu eftirlitsmenn að hafa aðgang að þessum skrám, en þær skulu greina ---
  - a. fæðingardag, vottfestan ef unnt er;
  - b. vikulega hvíldartíma; og
  - c. orlofstímabil.

2. Atvinnurekandinn ætti að veita fulltrúum verkamanna aðgang að þeim upp-  
lýsingum, sem nefndar eru í tölulið 1. í þessari grein, er þeir óska þess.

#### V. Þjálfun.

13. Í samræmi við þær reglur, sem greinir í Tillögu um starfsþjálfun frá 1962, ætti hlutaðeigandi stjórnvald að gera ráðstafanir til tryggingar því að ung-  
menni, sem vinna eða ætla að vinna neðanjarðar í námum —
- a. fái kerfisbundna starfsþjálfun samkvæmt námssamningi eða annars konar  
þjálfun eftir aðstæðum í hverju landi, til þess að tryggja nægilegan undir-  
búning undir þau sérstöku störf, sem þau eiga að vinna;
  - b. njóti nægilegra möguleika á frekari tæknilegri þjálfun, sem geri þeim fært  
að auka starfshæfni sína án þess að það skaði heilbrigði þeirra eða velferð  
og skal tekið tillit til aðstæðna í hverju landi; og
  - c. fái möguleika á frekari menntun og þjálfun ofanjarðar með tilliti til þess  
að þeir geti í framtíðinni aðlagð sig tæknilegum breytingum á námuvinnu  
og þroskað hæfileika sína.

#### VI. Samráð.

14. Hlutaðeigandi stjórnvald í hverju landi ætti að hafa samráð við aðalsamtök  
hlutaðeigandi atvinnurekenda og verkamanna áður en mörkuð er almenn stefna  
í framkvæmd þessarar tillögu og settar eru reglugerðir samkvæmt ákvæðum  
hennar.

The first part of the document discusses the importance of maintaining accurate records of all transactions. It emphasizes that every entry, no matter how small, should be recorded to ensure the integrity of the financial statements. This includes not only sales and purchases but also expenses, income, and any other financial activity. The document also highlights the need for regular reconciliation of accounts to identify any discrepancies early on.

In the second part, the author provides a detailed breakdown of the accounting cycle. This cycle consists of eight steps: identifying the accounting system, analyzing transactions, journalizing, posting to the ledger, preparing a trial balance, adjusting entries, preparing financial statements, and closing the books. Each step is explained in detail, with examples provided to illustrate the process. The author stresses that following these steps carefully is essential for producing accurate and reliable financial information.

The third section focuses on the preparation of financial statements. It covers the balance sheet, the income statement, and the statement of cash flows. The author explains how these statements are derived from the accounting records and how they provide a comprehensive view of the company's financial health. It also discusses the importance of comparing these statements with the previous period to identify trends and potential areas of concern.

Finally, the document concludes with a discussion on the ethical responsibilities of accountants. It emphasizes that accountants have a duty to provide accurate and honest information to their clients and the public. This requires a high level of integrity and a commitment to the highest standards of professional conduct. The author encourages accountants to always act in the best interests of their clients and to maintain the trust of the public through their diligent and ethical work.